



HÉRAÐSFUNDUR EYJAFJARÐAR- OG ÞINGEYJARPRÓFASTSDÆMIS 2021

Laugaborg í Eyjafjarðarsveit 29. maí 2021

Gögn héraðsfundar

Yfirlitsskýrsla prófasts, Skýrslur sókna og kirkjugarða,
Starfsskýrslur fulltrúa héraðsins og starfsmanna

Jón Ármann Gíslason
skinnast@gmail.com

Skýrslur sókna og kirkjugarða

Siglufjarðarsókn: ...

Ólafsfjarðarsókn: Anna María Guðlaugsdóttir, formaður og Sigmundur Agnarsson, safnaðarfulltrúi

Á aðalsafnaðarfundi í apríl hætti Jóna Vilhelmina Héðinsdóttir sem formaður sóknarnefndar og í hennar stað var kosin Anna María Guðlaugsdóttir. Jóna Vilhelmina var formaður í sjö ár og er henni þakkað fórnfúst starf í þágu Ólafsfjarðarkirkju. Í varastjórn var kosin Nanna Árnadóttir í stað Jónasar Bergsteinssonar sem gaf ekki kost á sér til áframhaldandi setu í sóknarnefnd.

Starf kirkjunnar í Ólafsfirði hefur verið blómlegt og vel sótt á árinu. Áfram var messað tvisvar sinnum í mánuði yfir vetrartímann í kirkjunni og einu sinni á Hornbrekku, auk helgihalds á stórhátíðum. Guðspjónusta var haldin í tengslum við tónlistarhátíðina Berjadaga, sem haldin var sunnudaginn um verslunarmannahelgi og tók tónlistarfólk hátíðarinnar virkan þátt í guðspjónustunni. Til að auka við fjölbreytni í helgihaldinu þá kom unglingahljómsveitin Ronja og ræningjarnir og spilaði við guðspjónustu og Vorboðinn, kór eldri borgara í Fjallabyggð og söng í messu undir stjórn Sturlaugs Kristjánssonar.

Líkt og undanfarin ár var mikið um að vera í kirkjunni um bænadaga og páska. Á skírdag var boðið upp á gönguferð á Kleifarnar um morguninn og léttan hádegisverð í safnaðarheimilinu að henni lokinni. Á föstudaginn langa lásu sóknarbörn á öllum aldri Passíusálmana og um kvöldið var kvöldvaka við krossinn. Á páskadag var messað í kirkjunni kl. 9:00 og kl. 14:00 á Hornbrekku.

Á aðþjóðlegum minningardegi um fórnarlömb umferðarslysa í nóvember var haldin minningarstund í Ólafsfjarðarkirkjugarði í samstarfi við Slysavarnadeild kvenna þar sem Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir, þingmaður og slysavarnakona flutti hugvekju og Víkingur Ólfjörð Daníelsson, 12 ára drengur kvað. Sjúkraflutningamenn og björgunarsveitarfólk stóð heiðursvörð. Eftir stundina var boðið upp á vöflur og kaffi í Sandhóli, húsi slysavarnadeildarinnar.

Fyrsta sunnudag í aðventu voru haldnar hinar árlegu aðventuhátíðir á Hornbrekku og í kirkjunni. Annað árið í röð var fenginn aðfluttur Íslendingur og íbúi í Ólafsfirði til að segja frá jólahefðum í sínu fæðingarlandi á hátíðinni í kirkjunni. Ida Semey, kennari í Menntaskólanum á Tröllaskaga og eigandi Kaffi Klöru reið á vaðið árið 2018 en í fyrra var það Guito Thomas, kennari í Tónlistarskólanum á Tröllaskaga og organisti í Siglufjarðarkirkju. Skemmtilegt er að heyra um hvað er líkt og ólíkt í hefðum tengdum jólum í Hollandi, Brasilíu og Íslandi. Aðventuhátíð fjölskyldunnar – Kynslóðir mætast var haldin annan sunnudag í aðventu og sungu börn úr barnastarfinu og kór eldri borgara í Fjallabyggð aðventu- og jólalög og var það notaleg stund sem endaði með léttum hádegisverði.

Barnastarf var á sunnudögum frá miðjum janúar til pálmásunnudags og frá miðjum september til fyrsta sunnudags í aðventu. Börnin heimsóttu heimilisfólk á Hornbrekku tvisvar á vormisseri og tvisvar á haustmisseri og glöddu með söng sínum og nærveru. Þetta eru nærandi og góðar stundir fyrir allar kynslóðir.

Átta samverur voru á haustmisseri og á vormisseri fyrir krakka níu til tólf ára. Umsjón hafði sóknarprestur, en leiðtogar frá KFUM og K á Akureyri komu þrisvar í heimsókn. Prettán krakkar ásamt sóknarpresti tóku þátt í velheppnuðum haustidegi TTT-starfsins í prófastsdæminu á Hólavatni í september. Foreldramorgnarnir voru á fimmtudögum í janúar til maí og frá miðjum september fram í miðjan desember. Umsjón hafði sóknarprestur. Foreldramorgnarnir voru vel sóttir af mæðrum úr Ólafsfirði og Siglufirði og voru nærandi stundir bæði fyrir þær og börn þeirra. Starf kirkjukórsins var þróttmikið og gott. Kyrrðarbænastundir eru á miðvikudögum kl. 17:30.

Á árinu voru 24 guðsþjónustur, 20 barnaguðsþjónustur og 9 helgistundir á Hornbrekku, auk annarra helgi- og eða bænastunda. Skírnir voru 12, hjónavígslur 4, útfarir 13 og fermd voru 15 ungmenni.

Fjárhagur Ólafsfjarðarkirkju er ekki beisinn og það er sorglegt að ríkissjóður skuli ekki láta sóknirnar hafa nema hluta þeirrar upphæðar félagsgjalda sem hann innheimtir fyrir söfnuðina í landinu. Starf kirkjunnar í Ólafsfirði væri ekki eins gróskumikið og raun ber vitni nema vegna þess að sóknarfólk er tilbúið að starfa fyrir hana í gjafavinnu og eða gefa henni peninga.

Ólafsfjarðarkirkju bárust gjafir og áheiti á árinu. Guð blessi alla gefendur, bæjarbúa og alla velunnara kirkjunnar.

[Dalvíkursókn: Kolbrún Gunnarsdóttir, ritari sóknarnefndar og safnaðarfulltrúi](#)

Í Dalvíkursókn var helgihald með hefðbundnum hætti eins og undanfarin ár, kirkjusókn þökkaleg. Þátttaka í kyrrðarstundum í hádeginu á miðvikudögum hefur aukist jafnt og þétt, algengt að það séu 40-50 manns sem mæta. Gestir borða saman léttu máltíð á eftir stundinni sem kirkjan sér um, ekki rukkað fyrir en frjáls framlög. Sunnudagaskólinn er vikulega, vel haldið utan um starfið og þökkaleg mæting hefur verið í vetur. Kirkjugarðar eru í góðri umhirðu, kveikt er á leiðalýsingu í þeim öllum í byrjun aðventu. Ýmislegt viðhald var í kirkjum sóknarinnar: Málningarvinna og viðgerðir eins og gengur, m.a. viðgerðir á kirkjutröppum á Völlum, Tjarnarkirkja máluð og grindverk uppsett við kirkjugarðinn. Fyrirliggjandi er kostnaðarsamt viðhald í Dalvíkurkirkju við gólfhitakerfi, klukkuverk og glugga í millibyggingu. Haldnir sameiginlegir sóknarnefndarfundir með öðrum sóknum í Dalvíkurprestakalli. Gerð tilraun með að sleppa aftansöng á aðfangadagskvöld kl 23.30 í Dalvíkurkirkju, verður endurskoðað að ári.

Jónína Ólafsdóttir prestur leysti Magnús af í námsleyfi hans. Hún bryddaði upp á ýmsum nýjungum: hélt konukvöld í kirkju og safn.heimili sem mæltist mjög vel fyrir, kom á kyrrðarstundum á Dalbæ og var með fasta sálgæslutíma sem voru vel sóttir. Hún verður þar til Magnús kemur endurnærður aftur til starfa 1. apríl 2020.

[Miðgarðakirkja í Grímsey: ...](#)

[Hríseyjarsókn: Narfi Björgvinsson, formaður.](#)

Árið 2019 hjá Hríseyjarsókn hvað safnaðarstarf varðar var í sínum föstu skorðum undir stjórn presta okkar en þar kom séra Jónína Ólafsdóttir inn á haustdögum þegar séra Magnús fór í námsleyfi. Þó má segja að vegna þess hve börin eru fá sé erfitt að halda úti samfeldu barnastarfi en prestarnir hafa leyst það með heimsóknum í skólann.

Framkvæmdir voru þær að kirkjan var máluð að utan og lagður var strengur milli kirkju og húss Hákarla-Jörundar sem er safnahús okkar Hríseyinga þannig að þar er hægt að fylgjast með athöfnum í hljóð og mynd s.s. jarðarförum. Í þessar framkvæmdir var hægt fara vegna góðvildar einstaklinga og fyrirtækja og ber að þakka það sem og annað sem kirkjunni er gefið. Engar meiriháttar framkvæmdir voru í kirkjugarði.

[Stærri-Árskógskirkja: Bára Höskuldsdóttir, formaður sóknarnefndar](#)

Helgihald í Stærri-Árskógskirkju var með svipuðu sniði og undanfarin ár. Barnastarfið er í Árskógarskóla, krakkafjör annan hvern þriðjudag í vetur. Kirkjukvöldið okkar var haldið á Bakkalábar á Hauganesi og var það hin notalegasta stund.

Sameiginlegir fundir sóknarnefnda Dalvíkurprestakalls eru tvisvar á ári og eru þetta áhugaverðir og gagnlegir fundir þar sem sóknarnefndirnar segja frá sínum störfum.

Vinna er hafin við að endurnýja gluggana í kirkjunni okkar.

Sr. Magnús G. Gunnarsson fór í leyfi og sr. Jónína Ólafsdóttir leysir hann af frá 1. október 2019 til 31. mars 2020. Ég vil þakka sr. Jónínu fyrir gott samstarf og óska henni velfarnaðar í nýju starfi.

Sr. Oddur Bjarni Þorkelsson er í veikindaleyfi. Sr. Guðmundur Guðmundsson og sr. Sindri Geir Óskarsson hafa aðstoðað sr. Jónínu með helgihaldið.

Aðventukvöldið var fyrsta sunnudag í aðventu og var það með hefðbundnum hætti. Þá var einnig kveikt á leiðarlýsingunni sem Lionsklúbburinn Hrærekur sá um að venju.

Kirkjugarður er í góðri umhirðu.

Ég vil þakka öllum þeim sem hafa komið að kirkjustarfinu fyrir gott samstarf og vel unnin störf.

Möðruvallaklaustursókn: Stefán Magnússon, formaður sóknarnefndar

Starfið í söfnuðinum var með hefðbundnum hætti þar sem skiptust á hefðbundnar messur og fjölskyldumessur sem eru öllu frjálssari í forminu.

Einnig voru samverustundir með unglingum í Leikhúsinu/safnaðarheimilinu

Starf sóknarnefndar snýst að miklu leiti um utanumhald um fjármál sóknarinnar og ákvarðanir um framkvæmdir og viðhald. Vegna mikils niðurskurðar á sókanargjöldum síðustu árin þrengist sífellt um rekstur sókna og gerir starfið allt þyngra og erfiðara. Rými til að prófa eitthvað nýtt er mjög lítið ef þetta nýja kostar peninga.

Á síðasta ári komst sú umræða á flot að sóknin hefði þrjár kirkjur til sölu. Umræðan vakti athygli á erfiðum fjárhag sókna og því að það þyrfti að bregðast við. Það er auðvitað ekki skynsamlegt til lengri tíma lítið að sókn sem telur einungis um 500 gjaldendur haldi úti rekstri á fjórum kirkjum.

Á síðasta aðalsafnaðarfundinum var nokkur umræða um hvað dragi fólk til kirkju og hvað væri þess valdandi að fólk sæti frekar heima. Ekki varð nein skýr niðurstaða af þessum vangaveltum en ljóst að þetta eru grundvallar spurningar í framtíð kirkjunnar. Bæði prestarnir og kór kirkjunnar leggja sitt af mörkum til að gera messurnar áhugaverðar og skemmtilegar og uppbyggilegar innan þess ramma sem almennt er viðhafður í kirkjum. Það er svo önnur spurning hvort það form sem kirkjan hefur á messum sé það sem passar tíðarandanum og nýrri samfélagsgerð. Kórinn okkar ásamt starfi prestanna er hryggjarstykkið í kirkjulegu starfi safnaðarins og er það okkar gæfa að aldeilis vel er mannað.

Ég vil svo flytja öllum þeim þakkið sem komið hafa að safnaðarstarfinu með einum eða öðrum hætti, bæði starfsfólki og sjálfboðaliðum.

Lögmennshlíðarsókn: Vilhjálmur Kristjánsson, fráfari formaður sóknarnefndar

Sóknarnefnd eftir aðalfund 14 júní.

Jóhann Þorsteinsson, formaður Agnes Tulinius, varaformaður Hafdís Björg Hjálmarsdóttir, ritari. Ingi Björnsson, gjaldkeri. Jón Birgir Guðmundsson. Stefán Ívar Hansen. Tómas Sævarsson. Sigríður Halldórsdóttir. Gauti Hallson Safnaðarfulltrúi: Jón Birgir Guðmundsson Skoðunarmenn ársreikninga: Halla Margrét Tryggvadóttir og Sigríður Jóna Pálsdóttir

Sóknarnefnd vinnur með þeim hætti að framkvæmdanefnd er að störfum á milli funda sóknarnefndar. Framkvæmdanefndar fundi sitja Jóhann Þorsteinsson formaður sóknarnefndar, Ingi Björnsson gjaldkeri, Agnes Tulinius varaformaður, Hafdís Björg Hjálmarsdóttir, ritari, Sindri Óskarsson sóknarprestur, Stefanía Steinsdóttir prestur. Einnig þá hefur Haukur Þórðarson setið flesta fundi. Umsjónarmaður fasteigna er Haukur Þórðarson og kirkjuvörður er Oddur Óskarsson.

Aðalfundur sóknarinnar var haldinn 14. júní sl. talsverðar mannabreytingar urðu í sóknarnefnd Vilhjálmur Kristjánsson sem verið hefur formaður sl. Fjögur ár lét af störfum. Nýr formaður sóknarnefndar er Jóhann Þorsteinsson. Þá komu þær Sigríður Halldórsdóttir og Agnes Tulinius nýjar inn í sóknarnefnd. Pollý Rósa Brynjólfsdóttir lét af störfum. Samtals voru haldnir 4 formlegir fundir í sóknarnefnd síðast liðin vetur og 10 fundir í framkvæmdanefnd ásamt ýmsum öðrum fundum sem fyrrverandi formaður sóknarnefndar hefur setið. Skipuðust mál þannig að fundir sóknarnefndar voru venju fremur fáir. Kemur þar til áhrif veirufaraldurs. Var það nokkur áskorun að funda með rafrænum hætti en held ég að það hafi gefist vel og við náð að sinna þeirri stjórnsýslu sem okkar ábyrgð heyrir til. Undanfarin misseri höfum við velt hér við svona velflestum steinum í því augnarmiði að ná saman endum í rekstri. Eftir aðalfund á síðasta ári, þar sem lögð var fram tillaga að niðurskurði. Var lögð niður staða starfskonu í eldhúsi og staða djákna færð niður í starfshlutfalli. Hermann kirkjuvörður hætti störfum sl vor og gerðist eldri borgari. Við hans starfi tók Oddur Óskarsson sannarlega góður liðsmaður hér. Haustið 2019 var nokkuð friðsælt og fór hefðbundið starf af stað innan veggja eins og vænta mátti. Í desember má segja að allt hafi farið á hliðina í kjölfar hamfara veðurs sem alvörulausir kalla miklahvell og opnaði rauði krossin hér í kirkjunni fjöldahjálparstöð. Fjöldi björgunarsveitar manna hafði hér dvöl, borinn var fram súpa hér í eldhúsinu og hafði fjölmargt björgunarsveitarfólk húsaskjól í kirkjunni.

Í janúar lok lét af störfum sr. Gunnlaugur Garðarson sem hér þjónaði um árabíl. Biskupsstofa auglýsti embætti sóknarprests laust. Var unnin svonefnd þarfagreining hér innan veggja sem lögð er til grundvallar auglýsingu þeirri. Eftir að umsókir hafa borist þá tekur svokölluð valnefnd til starfa hjá Biskupi og er hæfni umsækjenda metið og þeim raðað upp í röð sem byggir á þessu mati. Prófastur kallaði saman kjörnefnd okkar hér eftir þeim lögum og reglum sem um slíkt gilda. Þrjár umsóknir bárust um embætti sóknarprests og játa ég vonbrigði í þeim efnum að ekki skyldu fleiri renna hýru auga til þess að koma hér til starfa í sókninni. Niðurstaða kjörnefndar var að kjósa Sindra Geir Óskarsson nýjan sóknarprest hér við kirkjuna hann kom til starfa í mars og fékk í fangið covid verkefni. Segja má í gríni að fyrsta verkefni sr. Sindara hafi verið að loka kirkjunni. Það er stutt síðan að Stefanía Steinsdóttir kom hér til starfa og því nýtt fólk hér sem við væntum sannarlega mikils af. Á aðalfundinum lagði Sunna Gunnlaugsdóttir fram starfsuppsögn og er því verkefni nýrrar safnaðarstjórnar að mæta því.

Svo kom covid. Hver hefði trúað því að fermingar í kirkjunni legðust af, messur og í raun nánast allt formlegt starf. Tónlistarfólkið okkar ásamt prestum heimsóttu ýmsa staði og stóð fyrir skemmtilegum og nærandi samkomum.

Kirkjan er nefnilega lifandi samfélag og ef það er súrefni og frjótt fólk þá gerist sannarlega eitthvað spennandi

Almennt um kirkjustarfið

Lögmanshlíðarsókn er önnur tveggja sókna á Akureyri. Sóknin tilheyrir Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi og er á Akureyri ásamt Akureyrarsókn. Í Lögmanshlíðarsókn eru fjórir leikskólar, þrír grunnskólar, sambýli og eitt öldrunarheimili. Söfnuðinum þjóna sóknarprestur og prestur í fullu starfi. Einnig eru organisti og umsjónarmaður í fullu starfi og djákni og kirkjuvörður í 80% starfi. Þá eru nokkrir starfsmenn í hlutastörfum við tónlistarstarf kirkjunnar, barna- og æskulýðsstarf. Auk þessa koma margir sjálfboðaliðar að starfi kirkjunnar. Í Glerárkirkju er messa og sunnudagaskóli alla sunnudaga yfir vetrarmánuðina, en yfir sumartíman eru kvöldmessur. Þar fer einnig fram allt hópa- og fræðslustarf safnaðarins. Glerárkirkja er velbúin til þess að þjóna fjölbreyttum hópum og eru aðgengismál í góðum farvegi. Í kirkjunni er ágætis starfsaðstaða fyrir starfsfólk safnaðarins. Auk helgihalds fer fram margvíslegt barna-, unglinga- og eldri borgarastarf. Má þar nefna sunnudagaskóla, foreldramorgna, tónlistastarf fyrir börn í 1.-10. bekk, æskulýðsstarfið

samanstendur m.a. Glerungar fyrir 1.-3. bekk, TTT fyrir 5.-7. bekk og unglingastarf fyrir 8.-10. Bekk. Þá koma félagar AA samtakana saman í kirkjunni. Unglingastarf kirkjunnar er í samstarfi við KFUM og KFUK á Akureyri og fer alla jafna fram í félagshúsi KFUM og KFUK í Sunnuhlíð. Þá hafa prestar safnaðarins sinnt samverum og guðspjónustum á öldrunarheimilum Akureyrarbæjar í samstarfi við presta Akureyrarkirkju. Á haustdögum 2020 í Guðbrandsdal í Noregi. Með góðri kveðju og góðum óskum

Vilhjálmur Kristjánsson fráfarandi formaður sóknarnefnda

Akureyrarsókn: Ólafur Rúnar Ólafsson, formaður

I.

Kirkjustarfið árið 2020 gekk merkilega vel miðað við afar erfiða aðstæður við að halda reglulegri starfsemi vegna Covid- faraldurs. Starfsfólk Akureyrarkirkju eins og aðrir mátti glíma við endurteknar fyrirvaralitlar breytingar á samkomutakmörkunum sem kallaði á margskonar tilfæringar. Starfsfólki tókst afar vel að ná að laga starfið að aðstæðum á hverjum tíma. Hugsu þurfti fyrirkomulag ferminga á nýjan leik, jólahald þurfti að endurhugsa og svo þar fram eftir götunum. Sérstaklega var gaman að sjá og fylgjast með samstarfi og verkaskiptingu milli sókna og prestakalla, einkum á jólum og ber að þakka starfsliði kirkjunnar fyrir að hafa stigið lengra en endilega er hægt að gera kröfur um. Í sjónvarpsútsendingum kom berlega í ljós að kirkjan á erindi við okkur, mikið virtist horft á athafnir. Eins og gott var að hlýða á athafnir í sjónvarpi, var sérstaklega skemmtileg að sjá myndir frá kirkjukórum á svæðinu – og sjá fyrir bregða fólki sem alla jafna hittist fyrir á öðrum stöðum en í kirkjustarfi. Þessar myndir draga fram að þátttaka í kirkjustarfi er mjög mikil og almenn og einskorðast ekki við prestvígða og organistan. Kirkjan er mikilvæg í lífi margs fólks.

Starfsfólk reyndi eftir mætti að halda úti barna- og æskulýðsstarfi, tónlistarstarfi og annarri starfsemi og laga að gildandi samkomutakmörkunum eftir mætti.

Strax var hafist handa við að gera ráðstafanir til að hægt væri að streyma frá athöfnum og var einkum horft til útfara í því samhengi, en gríðarmargar útfarir eru frá Akureyrarkirkju ár hvert. Héraðssjóður styrkti það verkefni veglega strax í upphafi og er þakkað fyrir það.

Verður ekki skilið við án þess að koma hér fram með þakki til alls starfsfólks Akureyrarkirkju við að láta einskis ófreistað til að halda úti kirkjustarfi og kirkjulegum athöfnum við erfiðar aðstæður.

II.

Framkvæmdum við endurbætur á ytra byrði Akureyrarkirkju lauk að mestu á árinu 2020. Skemmdir sem unnar voru á ytra byrði kirkjunnar reyndist ekki hægt að fjarlægja eða hreinsa og voru allar tilraunir til þess árangurslausar. Því varð að endurklæða kirkjuna upp á nýtt. Gunnar Berg múrarameistari og hans fólk sá um verkið og naut aðstoðar fleiri iðnaramanna við það. Öllum ber saman um að sérstaklega vel hafi tekist til og er þeim sem að verkinu komu þakkað sérstaklega fyrir fagmannleg vinnubrögð og frágang. Ekki verður við skilið á þess að þakka kirkjuvörðum sérstaklega fyrir þeirra framlag í tengslum við framkvæmdirnar, því mikið rask og mikil vinna spratt af þessu verki sem gerði auknar kröfur til viðveru og vinnuframlags kirkjuvarðanna.

Kirkjan hlut styrki úr jöfnunarsjóði og frá Húsafriðunarsjóði sem þó dugðu ekki fyrir framkvæmdakostnaði í heild sem rekja má til skemmdarverkanna.

Í lok árs þegar framkvæmdum var að mestu lokið var gerð krafa á hendur tjónvaldi vegna fjártjóns sóknarinnar af skemmdarverkinu. Tjónvaldur hafnaði alfarið bótaskyldu. Höfðað var mál á hendur honum þar sem byggt var á því að fébótaábyrgð hvíldi á tjónvaldi vegna skemmdarverka, og væri sú ábyrgð fyrir hendi þó komist hefði verið að því að honum yrði ekki gerð refsiviðurlög vegna sakhæfisskorts. Engar váttryggingar voru sem bættu tjónið.

Í lok maí 2021 var ákveðið á fundi sóknarnefna að falla frá málsókninni og freista þess að afla fjár með sértækum hætti þess í stað. Var skipaður verkefnahópur velunnara Akureyrarkirkju sem hóf þá þegar störf.

III.

Á árinu 2020 fékk Akureyrarkirkja viðgerðan kirkjuglugga sem hafði brotnað nokkrum árum fyrr. Verkið var raunar meira að umfangi en virðast mætti, en um er að ræða mjög sérhæft verkefni. Viðgerðin fór fram í Þýskalandi á vegum Oidtmann glerverkstæðis, fjölskylduverkstæði sem sérhæft hefur sig í viðgerðum á steindum gluggum í 4 kynslóðir og starfar á heimsvísu. Fyrirtækið hefur meðal annars sinnt verkefnum í Skálholti og í Kópavogskirkju. Fram kom við skoðun Stefan Oidtmann að viðhald og viðgerðir á steindum gluggunum Akureyrarkirkju almennt séu að verða aðkallandi. Athuganir og ráðgjöf fyrirtækisins benda til þess að ekki sé raunhæft að verja gluggana með því að klæða þá utan, loka þá af eða beita öðrum úrræðum, en vilji var til að kanna mögulega á þess háttar frágangi.

IV.

Kvenfélag Akureyrarkirkju hefur verið ómetandi bakhjarl í starfsemi kirkjunnar. Í vor lauk uppsetningu á vönduðum skjávarpa og sýningartjaldi í safnaðarheimili sem mun nýtast afar vel, ekki bara við fundarhöld og störf í safnaðarheimilinu eins og sunnudagaskólann, heldur er nú fyrir hendi tækibúnaður til að streyma athöfnum úr kirkjunni beint á tjaldið í safnaðarheimili sem einkum kemur að notum þegar mjög fjölmennar athafnir fara fram svo sem þegar fjölmenni er við útfarir. Á árinu var jafnframt miklum fjármunum varið í að kaupa og setja upp streymisbúnað vegna Covid, en endurnýja þurfti ýmsan dýran búnað til að viðunandi gæði næðust við útsendingar. Verklag við streymi hefur verið að þróast og hefur gefi góða raun.

V.

Sameining prestakalla á árinu 2020 var heilladrjúgt skref að okkur virðist. Samstarf og samvinna hefur aukist og gefur prestum í prestakallinu aukið svigrúm til samstarfs og skapar þeim frjórri og skemmtilegra starfsumhverfi. Um leið hefur fjölbreytni getað aukist í kirkjustarfin í prestakallinu. Langur vegur er frá að starfið í kirkjunni sé full mótað eftir sameiningu, en áfram verður leitast við að gera kirkjustarfið blómlegt í öllu prestakallinu.

VI.

Við Akureyrarkirkju starfar fjölmennur kirkjukór. Kórfélagar hafa eins og aðrir í kirkjustarfinu lagt sig fram um að aðlaga söngstarfið að samkomutakmörkunum en ljóst má vera að samkomutakmarkanir og 2 metra regla gerir nær ómögulegt að fram fari heilbrigt og skapandi kórstarf. Þer að þakka kórfélögum fyrir þeirra framlag til kirkjustarfsins og þá sérstaklega þátttöku í upptökuverkefnum fyrir sjónvarp.

VII.

Sigrún Magna Þórsteinsdóttir organisti hefur haldið úti öflugum barnakórastarfi, líklega með því öflugasta og vandaðsta sem þekkist á landinu og hefur sýnt í því mikið frumkvæði og metnað auk þess að leitast við að brjóta upp hefðbundið starf með ýmsum verkefnum eins og tónleikum. Hún tók saman nokkra minnispunkta um starfið sem sýna öðrum þræði hvernig aðlaga hefur þurft allt starf að ytri aðstæðum:

Barnakórastarfið hefur að mestu leyti haldið sínu striki, ef frá eru taldar þrjár vikur í nóvember þar sem æfingar féllu niður. 47 börn syngja í kórnum og hefur mæting og þátttaka verið framúrskarandi frá því í haust. N4 tók upp söng Eldri barnakórs í desember og sýndi á stöðinni og einnig tókum við upp jólatónleika beggja kóranna og sendum foreldrum. Yngri kórin söng á Ráðhústorgi þegar kveikt var á jólatrénu og fór í söngferðalag um Akureyri á aðventunni. Í því

ferðalagi sungum við fyrir utan kirkjuna okkar, fyrir utan Hlíð á þremur stöðum og í anddyrinu á Byko þar sem einn viðskiptavina táfelldi af gleði yfir jólastemmingunni.

Í janúar (2021) hafa kóræfingar barna verið með hefðbundnu sniði og vonandi getum við haldið því áfram þrátt fyrir messuleysi. Eldri barnakór stefnir að æfingabúðum á Grenivík í febrúar og hafa foreldrar samþykkt það ferðalag, enda myndum við halda okkur fyrir okkur þennan sólarhring.

Algjörlega ómeðvituð um það ástand sem yfir okkur dundi á árinu sótti ég um styrki í upphafi árs til að fagna 80 ára afmæli Akureyrarkirkju og 25 ára afmæli orgels Akureyrarkirkju með tónleikaröð sem skyldi ná yfir allt árið 2020 með mánaðarlegum tónleikum. Til að gera langa sögu stutta þá tókst að ljúka þeirri röð með dálitlum tilfæringum sem samþykktar voru af styrktaraðilum og tókst að fjármagna tíu tónleika með styrkjum.

Einn liður í þessari röð átti að vera fjölskyldutónleikar í október þar sem flutt yrði tónlistarævintýrið Lítil saga úr orgelhúsi. Þeir tónleikar voru ekki haldnir fyrr en í janúar og breyttust þá í skólatónleika. Allir grunn- og leikskólar Akureyrarbæjar fengu boð á sýninguna og níu skólar þáðu boðið. Þeir komu á skólatíma, elstu deildir leikskólanna og yngsta stig grunnskólanna. Alls voru það um 460 börn og 25 fullorðnir sem komu í kirkjuna í janúar og var almenn ánægja með þetta framtak. Nokkur börn tilkynntu mér að þau hefðu aldrei komið í þessa kirkju áður og mér fannst sérlega ánægjulegt hversu margir þáðu boðið með þökkum þar sem tilfinningin hefur verið að skólarnir séu sífellt tregari til að koma í heimsókn í kirkjuna. Svona sýningu væri ég mjög til í að halda reglulega.

VIII.

Akureyrarkirkja varð 80 ára á árinu 2020. Til stóð að efna til mikillar dagskrár og hafa hátíðarmessur. Áform voru uppi um að bjóða ýmsa gesti sérstaklega til hátíðarmessu og höfðu m.a. verið gerðar ráðstafanir til að bjóða biskup Íslands, frú Agnesi M Sigurðardóttur, Jóni Ármanni prófasti og fleirum til fagnaðar. Ekkert varð af hátíðarhöldum.

Sóknarprestur Akureyrarkirkju, Sr. Svavar A. Jónsson setti hins vegar í tilefni af afmælisárinu saman nokkrar greinar sem birtust á vefnum Akureyri.net og fjölluðu um kirkjubygginguna. Meðal efnistaka var ítarleg grein um þá tillögu að breyta heiti kirkjunnar í Matthíasarkirkju. Í greininni eru færð fram sterk rök sem mæla með því að ræða það mál af alvöru. Skemmtilegt væri að kanna hug sóknarbarna til þess og áhugavert væri að draga fram sjónarmið sem mæla bæði með og gegn breytingum á nafni Akureyrarkirkju í Matthíasarkirkju.

Kirkjusókn:

2019

Árið 2019 voru kirkjugestir um 27.600 manns og alls við messu með kórólki 31.500 manns. Messur voru 52, sunnudagaskóli 19 sinnum, fjölskylduguðspjónustur 9, kvöldmessur 9, æðruleysismessur 5.

Útfarir voru 98, giftingar 14, skírnir voru 36, kyrrðarstundir 31 talsins. 2020

Tölur árið 2020 eru mjög markaðar af Covid faraldri.

Árið 2020 voru kirkjugestir alls tæplega 11.000 manns og alls við messu með kórólki tæplega 13.000 manns. Messur voru 44, sunnudagaskóli 10 sinnum, fjölskylduguðspjónustur 2, kvöldmessur 3, æðruleysismessur 2.

Útfarir voru 97, giftingar 11, skírnir voru 25, kyrrðarstundir 9 talsins.

Streymi voru 56 talsins, en streymt var frá athöfnum vegna Covid.

Sóknarnefnd Akureyrarkirkju heldur reglulega fundi fyrsta mánudag yfir vetrarmánuðina. Í Covid faraldri hafa fundir verið haldnir rafrænt gegnum Zoom og hefur það gengið ágætlega. Því skal til haga haldið að slíkir fundir eru þægilegir og jafnframt draug leiðinlegir og eru ekki líklegir til

að skapa frjóan jarðveg fyrir umræður um málefni sóknarinnar. Engin áform eru uppi um að halda áfram með reglulega fundi með rafænum hætti þegar samkomutakmörkunum léttir.

Nokkir punktar frá árinu 2019

Barna- og æskulýðsstarf Akureyrarkirkju 2019, vorönn og haustönn

Barna og æskulýðsstarfið er í umsjá Sonju Kro, æskulýðsfulltrúa.

Vorönnin í barnastarfi 2019 hófst í annari viku í janúar.

Hópastarfið með öllum aldurshópum hélt áfram í sömu mynd. Kirkjukrakkar á miðvikudögum kl. 15-16. TTT á miðvikudögum kl. 16:30-17:30 og unglingarnir mættu um kvöldið frá 20-21:30.

Fjöldinn hélst nokkuð stöðugur í Kirkjukrökkum, um 25 börn, en í TTT sem var afar lítill hópur í byrjun, stækkaði mikið þegar leið á sem var afar ánægjulegt. Leiddi það starf af sér hugmyndina að setja saman námskeið í skólalok (júní) sem var kallað GÓÐVERKAVIKA. Það var fjögurra daga námskeið frá kl. 9:00-12:00 á morgnana. Ýmis verkefni sem stuðluðu að góðverki voru þar á dagskránni, t.d. heimsókn í Lystigarðinn þar sem boðin var hjálp við að snyrta til í garðinum. Önnur heimsókn var farin á Öldrunarheimilið Hlíð þar sem börnin lásu upp fyrir íbúana þar. Bakað var fyrir starfsmenn á Lögreglustöðinni og þeim færðar möffins. Svo var farið niður í bæ og gefnar smágjafir til vegfarenda sem börnin höfðu fönðrað. Það voru falleg orð í korti, eða máluð á grjót. Mjög skemmtileg og gefandi vika fyrir hópinn sem skilar sér í börnum sem kunna að sýna hjálpssemi og gera góðverk.

Unglingarnir unnu að margvíslegum verkefnum og leikjum og tóku þátt í fjórðungsmóti í marsmánuði sem haldið var á Akureyri. Það heppnaðist mjög vel og var þátttaka þeirra fjármögnuð með bingói sem haldið var í febrúarlok. Þema mótsins var vinátta og umhverfið og var unnið að þeim þáttum bæði með fræðslu og leikjum. Samstarf er komið á milli ÆFAK og UD-Glerá þar sem hóparnir hafa boðið í heimsóknir til sín til skiptis. Í janúar buðum við þeim til okkar og héldum leikjakvöld og var endað á feluleik um alla kirkju í myrkri. Afar spennandi kvöld! Í apríllök var svo haldinn síðasti ÆFAK fundurinn og öllum þakkað fyrir veturinn.

Ein nýjung var gerð í maímánuði, en þá var hrundið af stað átaki til að fá drengi í barnastarfið. Sett var saman skemmtilegt úti/hreyfi námskeið eingöngu fyrir stráka í 1.-3.bekk. Skráðir voru 17 strákar sem mættu galvaskir fjóra miðvikudaga í röð. Mest spennandi var svo að sjá hvort þetta námskeið myndi skila sér inn í starfin næstu önn.

Vorönnin lauk með lokahátíð barnastarfsins í apríllök. Messan var fjölbreytt og skemmtileg. Barnakórar sungu, æskulýðsfulltrúi var með myndasýningu frá vetrarstarfinu, prestur með biblúsöguna og svo var brúðuleikritið á sýnum stað þar sem rifjaður var upp allur veturinn. Í lok messu var farið að bænatre og einnig gefin fararblessun. Eftir stundina var framkvæmdur gjörningur í kirkjutröppunum þar sem allir kirkjugestir mynduðu regnboga upp og niður tröppurnar. Svo var boðið upp á stuttan zumbatíma í Safnaðarheimilinu og grillaðar pylsur. Fjörug og skemmtileg lokahátíð sem var afar vel heppnuð og erum við afskaplega þakklát fyrir góða þátttöku krakkanna í barnastarfi vetrarins.

Haustönn 2019 Barnastarf:

Þetta haustið byrjuðu 5 barnastarfshópar. Á mánudögum voru kirkjukrakkar fyrir 1.-3.bekk í Naustaskóla. Í byrjun voru bara 3 skráðir, en svo bættist ekki vð nema 1 í viðbót. Starfinu var haldið áfram í þrjá mánuði og hætti í byrjun desember. Það er ansi lítið að vera með 2-3 börn í hóp og kosta til öllu skipulagi og ferðum fyrir það og því var ákveðið að leggja það niður en prófa aftur næsta haust.

Nýr hópur byrjaði á þriðjudögum fyrir 4.bekk sem var nefndur k-4. Árið áður voru margir krakkar úr 3 bekk að mæta í kirkjukrakkahópin og til þess að halda þeim inni, fækka í kirkjurakkahópnum og koma til móts við þroska þeirra var ákveðið að stofna þennan nýja hóp.

Voru skráðir 14 krakkar í hann og gekk ljómandi vel. Með þessum hóp er einnig stefnan tekin á að stækka TTT hópinn á næsta ári, en þá eru þau öll komin í 5.bekk og mega koma í TTT hópinn.

Á miðvikudögum eru svo hóparnir þrír, kirkjukrakkar kl. 15-16, TTT frá 16:30-17:30 og unglingarnir um kvöldið. Skemmtilegt er frá því að segja að þetta strákafjórðunarskeið skilaði sér í fleiri strákum í kirkjukrökkum. Það eru að mæta 13 krakkar og er meirihlutinn þeirra strákar! TTT hópinn er sem áður fremur lítill, en aðeins 6 krakkar eru skráðir. Við sjáum hinsvegar framm á betri tíð þegar k-4 bætist í þann hóp og stækkar hann til muna. Þá er meira skemmtilegt hægt að gera, fleiri hópleikir oph.

ÆFAK byrjaði sitt starf með algerum glans þar sem fermingarbörnin mættu mjög vel í fyrstu tímana. Í eitt skiptið komu 60 unglingar til okkar sem sló öll met. Svo fór þeim fækkandi og eru nú um 25 skráðir í ÆFAK.

Í þessu stundum erum við að vinna ýmis verkefni, s.s fræðast um trúmál, gera tilraunir, fara í leiki, spila spurningarleiki, baka, föndra og margt fleira.

Foreldramorgnar vor + haust 2019: Foreldrar koma hingað alla miðvikudaga frá kl. 10 -12. Til okkar er að koma fámennur hópur og oft erlendar mæður með ungabörn sín. Nokkrir fyrirlestrar og upptökur voru í boði s.s. volarekynning, krílasálmar, skyndihjálparnámskeið, djúpslökun og gong, jólaföndur svo eitthvað sé upptalið. Einnig var æskulýðsfulltrúinn af og til með söngstundir fyrir krílin og foreldra þeirra. Auglýsingar fyrir erlenda foreldra voru gerðar til að hvetja þann hóp að mæta. Það skilaði sér ekki í auknum fjölda, en allt svona tekur tíma að innleiðast.

Sunnudagaskólinn vor + haust 2019: Sunnudagaskólinn hélt ótrauður áfram hvern sunnudag og gerði heimsókn Línu langsokks mikla lukku. Þá fylltist salurinn okkar. Í desember kom annar leikhópur með atriði, Tröllin frá VMA. Það var verulega skemmtilegt og flott tilbreyting. Annars er fjöldinn mjög breytilegur, 10 – 20 krakkar og foreldrar eða ömmur/afar með. Farið er eftir sunnudagaskólaefninu af efnisveitu þjóðkirkjunnar og svo er leikjum bætt inn í. Um sunnudagaskólann sjá æskulýðsfulltrúinn og gítarleikari.

Barnastarfið í Akureyrarkirkju er líflegt og fjölbreytt og börnin eins mismunandi og þau eru mörg. Miðvikudagar eru sannkallaðir gleðidagar þegar kirkjan fyllist af hlátri og gleði. Von okkar er að börnin haldi áfram að koma í kirkjuna sína þegar þau eldast og verði virkir þátttakendur í starfi hennar. Mér finnst ég vera heppin að sinna þessu starfi og er afar ánægð með hvernig árið gekk fyrir sig. Það er mjög þakkarvert að vinna með svo jákvæðu fólki sem í kirkjunni starfar og tekur svona vel í allar nýjar hugmyndir og verkefni sem snúa að börnunum. Hér eru því kjöraðstæður til að láta barnastarfið blómstra áfram söfnuðnum til heilla.

Sonja Kro, æskulýðsfulltrúi Akureyrarkirkju.

Störf 30% starfsmanns Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmis veturinn 2019-2020.

Sonja Kro er í stöðugildi hjá Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastdæmis.

Verkefni vetrarins voru margskonar. Í ágústlok fór ég á námskeið í Háteigskirkju sem haldið var fyrir sunnudagaskólastarfsmenn og aðra starfsmenn kirknanna sem sinna barnastarfi. Þetta námskeið varði í tvo daga og innihélt fjölbreytta fyrirlestra og fræðslu. Voru þessir dagar afar mikilvægir fyrir mig sem nýr starfsmaður í þessum geira. Ég kynntist fólki í sömu störfum og myndaði tengsl sem koma til með að nýtast áfram. Mæli hiklaust með þessu og ætla svo sannarlega að fara næsta haust aftur. Stór liður í þessu starfi tel ég vera að kynnast fólki og mynda tengsl, sem getur verið grundvöllur að góðu samstarfi, og orðið til þess að góð þróun og sköpun verði í þessu gróskumikla starfi. Þetta námskeið var því sannarlega góð innspýting fyrir veturinn. Þegar norður kom reyndi ég svo eftir megni að segja fólki frá því sem ég lærði, sá og heyrði og miðla því áfram.

Dagsferð með TTT hópum úr prófastdæminu var farin einn sólríkan laugardag í október. Skráningin sprakk algerlega í höndunum á okkur og fóru tvær fullar rútur inn á Hólavátn. Um 70-80 krakkar og komust færri að en vildu. Mikil gróska er í TTT starfi á minni stöðunum í prófastdæminu

sem er afar jákvætt. Færri eru í hópnum á Akureyrinni sjálfri. Unnið var út frá sögunni Miskunnsami samverjinn og svo var farið í leiki ofl skemmtilegt. Rætt var um að endurtaka þetta.

Í sameiningu héldum við héraðspresturinn Guðmundur utan um innandyránámskeið fyrir prófastsdæmið sem haldið var í september. Góður og áhugasamur hópur mætti þar og hlustaði á fræðslu hjá Magneu Sverrisdóttur og Bylgju Dís Gunnarsdóttur. Var kallað eftir meiri slíkri fræðslu fyrir sunnudagaskólafólk og fórum við fljótt að skipuleggja næsta fund sem var svo haldinn í febrúar 2020. Þá var Sindri Geir með kynningu fyrir okkur um regnbogabænirnar og heimsmarkmiðin. Einnig gafst tími fyrir almennt spjall um sunnudagaskólann og hvernig gengi hjá hverjum og einum. Ég sýndi þar leikjaglæru og sagði frá stuttum leikjum sem ég nota í sunnudagaskóla Akureyrarkirkju og vekur lukku.

Fermingarbarnanámskeiðið Samvinna hélt áfram hjá mér þennan veturinn, en ekki eins mikil skráning og í fyrra. Fór með námskeið inni Eyjafjörð og í Þorgeirskirkju.

Tekin var ákvörðun um að hefja samstarf við austurland um farskóla fyrir ungleiðtoga. Fyrri helgin var haldin að Eiðum í október 2019 og sú seinni haldin á Hólavatni í janúarlök 2020. Um mjög fróðlegt og skemmtilegt efni er að ræða sem Jóhann Þorsteinsson lagði fram og skipulagði. Voru um 20 unglingar í hvorum farskóla fyrir sig og frá norðurlandi komu ungleiðtogarnir frá Akureyrar- og Glerárkirkju. Þessi fræðsla mun koma til með að nýtast krökkunum vel áfram í kirkjustarfinu en einnig fyrir lífið sjálft. Áframhald af farskólanum verður næsta vetur. Þegar því lýkur svo eru unglingarnir útskrifaðir úr farskólanum. Eftir báða þessa farskóla varð mér þó ansi hugleikið hversu mikilvæg mönnun á svona mótum er og hversu nauðsynlegt er að hafa ábyrga einstaklinga til að sjá um hópinn. Mjög mikilvægt er að vanda svona ferðir og þótti mér það aðeins ábótavant hjá okkur þarna. Næst verður betur hugsað úti þessa þætti. Eins velti ég líka fyrir mér nauðsyn þess að gista svona saman heila helgi, en eins og ég segi, með góðri mönnun og góðum aga á hópnum ætti svona lagað að ganga betur.

Á döfinni var svo að plana hitting með TTT krökkum í vor. Jafnvel í heimsókn hjá einhverri kirkjunni. Vegna covid veirunnar hefur því verið frestað og óákveðin tíma og skoðað í haust.

Á vormánuðum ætla ég að byrja að útbúa svokallaða dótaleigu fyrir kirkjur í prófastsdæminu. Hef ég fengið vilyrði hjá prófasti til að versla inn ýmsa hluti, bingóvé, spil ofl sem getur nýst í barnastarfinu og getur verið skemmtilegt tilbreyting. Þetta mun virka eins og bókasöfn, allt skráð niður. Þessi nýjung mun verða auglýst þegar allt verður klárt.

Tónlistarstarf í Akureyrarkirkju árið 2019

Yngri barnakór Akureyrarkirkju

Í yngri barnakór kirkjunnar eru 25 stúlkur og drengir á aldrinum 7-9 ára og eru æfingar á fimmtudögum frá kl. 15-16. Kórinn syngur við fjölskyldumessu einu sinni í mánuði, flytur helgileik á öðrum degi jóla, syngur á lokahátíð barnastarfsins, kom fram á aðventuhátíð barnanna og söng á jólasöngvum kirkjunnar í desember. Yngri barnakór, Eldri barnakór og Ungmennakór, ásamt barnakórum Glerárkirkju, hljómsveit og sögumanni fluttu Ævintýrið um bláa hnöttinn í Hofi í nóvember og var það glæsileg sýning sem mikil vinna var lögð í. Lögð er áhersla á að allt starf kórsins sé ókeypis fyrir þátttakendur og að öllum líði vel. Fyrir utan tónlistarnámið sem í kórsöng felst læra kórfélagar að taka þátt í helgihaldi og umgangast kirkjuna.

Eldri barnakór Akureyrarkirkju

Í Eldri barnakór kirkjunnar eru 24 stúlkur og drengir á aldrinum 10-12 ára og hefur fjölgað jafnt og þétt í þessum hópi undanfarin ár. Æfingar eru á fimmtudögum frá kl. 14-15. Eldri barnakórinn hefur ekki fast hlutverk í helgihaldi kirkjunnar en kemur fram í fjölskyldumessum af og til, flytur helgileik í kirkjunni á öðrum degi jóla, syngur í fjölskyldumessu á páskadag og á lokahátíð barnastarfsins. Að auki söng kórinn á tónleikunum „Söngvar Daníels“, flutti ævintýrið um Bláa hnöttinn, söng á

jólasöngvum í Akureyrarkirkju á aðventu ásamt Yngri barnakór Akureyrarkirkju og Kór Akureyrarkirkju. Starfsári kórsins lýkur alltaf með óvissuferð að vori og hefur sú ferð lukkast vel.

Ungmennakór Akureyrar

Í kórnum eru 10 félagar á aldrinum 14-16 ára. Kórinn æfir á fimmtudögum frá kl. 17:00- 19:00 og tekur þátt í helgihaldi með söng í kvöldmessum. Kórinn tók þátt í flutningi á Bláa hnettinum í desember.

Sumartónleikar í Akureyrarkirkju

Tónleikaröðin Sumartónleikar í Akureyrarkirkju gekk afar vel sl. sumar og voru tónleikagestir tæplega 500 talsins. Flytjendur sumarsins voru þýski organistinn Markus Ruppercht, Ösp Eldjárn og Valeria Pozzo, Tríóið Corpi di Strumenti með þau Steinunni Arnbjörgu Stefánsdóttur og Eyjólf Eyjólfsson tenór í fararbroddi og Skálholtstrióið sem skipað er Vilhjálmi Inga Sigurðarsyni trompetleikara, Jóhanni Stefánssyni trompetleikara og Jóni Bjarnasyni, orgelleikara.

Styrktaraðilar tónleikanna auk Akureyrarkirkju eru Akureyrarbær, héraðssjóður Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmis og Tónlistarsjóður.

Aðrir tónleikar

Fjöldmargir aðrir tónleikar voru haldnir í kirkjunni árið 2019 og er eftirspurnin mest á sumrin og á aðventunni.

Grundarsókn: Hjörtur Haraldsson, formaður

Safnaðarstarf 2020:

Árið 2020 var mjög sérstagt, athafnir í kirkjunni voru með færra móti eða alls 12, upptaka á jólamessu fór fram í kirkjunni og var sýnd á N4 á jóladag, var þetta sameiginlegt verkefni sókna í Prófastdæminu.

Kjörnefnd var virkjuð á árinu, þar var nýr prestur kosinn með formlegum hætti, og þar með staðfesting á þeim aðila sem skipuð hafði verið tímabundið, Séra Jóhanna Gísladóttir.

Sameining Laugalandis-og Akureyrarprestakals varð að veruleika seint á árinu. Nýr organisti Þorvaldur Örn Davíðsson var ráðinn til starfa á árinu í 50% starf, er þetta sameiginlegt verkefni 5 sókna í prestakallinu.

Unnið var við viðgerðir á kirkjunni á árinu, suðurhlið, vestur og austur hlið á forkirkju að utan var tekinn í gegn, gert við timburverk og málað, ráðgert að mála turn á þessu ári, styrkur kom frá Minjavermd í þetta verk. Í kirkjugarði var hefðbundið viðhald, sláttur og hirðing, en samið var við Kirkjugarða Akureyrar um það verk, en allir garðarnir í prestakallinu eru sem fyrr reknir undir einni stjórn.

Safnaðarstarf 2019:

Safnaðarstarf var með hefðbundnum hætti, athafnir á árinu voru 20, almennar messur, ferming, giftingar, skírmarathafnir, aðventukvöld.

Nýr altarisdúkur var gefinn kirkjunni, það er einstaklingur héðan úr sókninni sem gefur hann til minningar um mann sinn og barnabarn, var hann vígður 19. des. 2019. Séra Hannes Örn Blandon sóknarprestur lét af störfum 31. jan. 2019 eftir 33 ára farsælan starfsferil, er honum þökkuð störf í þágu sóknar. Nýr prestur var skipaður til eins árs, séra Jóhanna Gísladóttir, samstarf við hana er mjög gott, og verður vonandi framhald á því, en hangir það í lausu lofti hvort sameining verður á Laugalandis-og Akureyrarprestaköllum. Daníel Þorsteinsson organisti sagði starfi sínu lausu frá 1. júní 2019, auglýst var eftir organista, enginn sótti um, samið var við Akureyrarsókn og organistana þar um að þeir tækju þetta að sér til áramóta.

Kirkja: Hafinn var vinna við málun og lagfæringu á suðurhlið kirkjunnar, er þetta nokkuð mikil vinna, ræðst það af því hvað fæst úr húsafriðunarsjóði hversu hratt verkið gengur.

Kirkjugarður: Samið var við Kirkjugarða Akureyrar um slátt og hirðingu í öllum gördum í Laugalandsprestakals, en þeir eru allir reknir undir eini stjórn, þetta er hagstætt fyrir báða aðila.

Sóknarnefnd og starfsmenn.

Formaður: Hjörtur Haraldsson Víðigerði. Ritari: Beate Stormo Kristnesi. Gjaldkeri: Níels Helgason Meltröð 4. Meðstjórn: Bjarki Árnason Vallartröð 4. Meðstjórn: Ármann Guðmundsson Bakkatröð 23. Meðhjálpari/kirkjuvörður: Hjörtur Haraldsson Víðigerði. Organisti/kórstjóri: Þorvaldur Örn Davíðsson.

Saurbæjarsókn: Auður Thorberg Jónasdóttir, formaður

Ein messa var haldin í nóvember á síðasta ári og sóknarnefnd bauð upp á messukaffi á eftir. Einnig var haldin þrjónamesa á konudaginn 23. febrúar sem var skemmtileg nýjung hjá séra Jóhönnu og var messukaffi þá líka. Nýr sóknarprestur Jóhanna Gísladóttir var kjörin í mars. Rafmagn var endurnýjað í kirkjunni og nýr ofn og ljóskastarar keyptir. Aðalfundurinn var ekki haldinn fyrr en í júní, annað starf var með hefðbundnum hætti.

Hólasókn: ...

Möðruvallakirkja: ...

Munkaþverárkirkja: Valgerður Schiöth, ritari

2020:

Á árinu dæmalausa 2020 var fremur lítið um að vera í Munkaþverársókn – og þó !

Samkomutakmarkanir vegna covid-19 komu í veg fyrir alla hefðbundna starfsemi. Í stað fermingarathafna sem vanalega eru um hvítasunnu, voru haldnar nokkrar fjölskylduathafnir þar sem fermt var eitt barn í senn, en aðalferming ársins dróst til 30. ágúst. Tvö brúðkaup og 5 fámennar skírnarathafnir áttu sér stað, þar sem fjölskyldur komu saman, svo lítil hætta var á smiti. Ein útför og 3 greftaranir, þar sem útfararathafnir voru haldnar í Akureyrarkirkju. Í byrjun árs voru prestskosningar og hlaut sr. Jóhanna Gísladóttir góða kosningu, og var því fagnað. Í okt. gekk í gildi sameining tveggja prestakalla, sem um var rætt á næstsíðasta ári og heitir hið nýja Akureyrar og Laugalandsprestakall.

Nýr kórstjóri, Þorvaldur Örn Davíðsson, tók til starfa í 5 kirkjum prestakallsins, en hann starfar einnig í Akureyrarkirkju. Æfingar fóru úr skorðum eins og fleira í samkomubanni, en meðan slíkt var leyfilegt var æft stíft og unnið vel.

Kórinn tók þátt í þeirri athöfn sem sjónvarpað var á N4 á jóladag, en það var samstarf margra sókna og presta sem komu í Grundarkirkju, þar sem tekin var upp aðaldagskráin. Einnig tóku kórfélagar þátt í stuttum athöfnum, sem sjónvarpað var á sumardaginn fyrsta og á aðventunni á N4. Grindverk utan um kirkjugarð að norðan og vestanverðu var upp sett á árinu. Verkinu er ekki alveg lokið en lofar mjög góðu.

Sóknarnefnd og starfsmenn eru þeir sömu og á árinu 2019 nema nýr organisti er Þorvaldur Örn Davíðsson.

2019

Það var hefðbundin starfsemi í Munkaþverársókn á árinu 2019 – 5 messur auk nokkurra skírnarathafna og brúðkaups.

Sr. Hannes Örn Blandon lét af störfum eftir 32 ára farsæla þjónustu og var þeim hjónum haldið veglegt kaffisamsæti í Laugarborg þar sem menn þökkðu góða samveru og óskuðu þeim hjónum velfarnaðar í nýjum heimkynnum sunnan heiða. Sr. Jóhanna Gísladóttir flutti ásamt fjölskyldu í Syðra-Laugaland og er hún ráðin til eins árs, sinnir einnig störfum í Akureyrarprestakalli. Síðar kom tilkynning frá biskupsstofu þar sem okkur var tjáð að þau prestaköll sem bíða eftir sameiningu við önnur prestaköll, gætu óskað eftir prestskosningu. Það var gert og biskupi send beiðni um að starf sóknarprests í Laugalandsprestakalli yrði auglýst með eindreginni ósk um að prestur sitji áfram á Laugalandi eins og verið hefur. Starfið var auglýst og nú fljótlega þarf kjörnefnd að kjósa milli tveggja umsækjenda: annars vegar Guðrúnar Eggertsdóttur og sr. Jóhönnu Gísladóttur sem er starfandi prestur eins og fyrr segir.

Daníel Þorsteinsson hætti sem organisti eftir 13 ára frábært starf en að skilnaði tók kórinn til meðferðar Fuglakabarett hans og Hjörleifs Hjartarsonar og flutti í Laugarborg og Eskifirði. Einnig var tekið upp í Munkaþverárkirkju hið ævagamla “Credo” fyrir sjónvarpsþáttinn Landann. Eftir það hefur Eypór Ingi Jónsson organisti í Akureyrarkirkju æft kórinn og þau Sigrún Magna Þórsteinsdóttir skift með sér verkum að spila við athafnir og erum við þeim mjög þakklát. Enn vantar okkur nýjan organista en menn hafa augastað á einstaklingi sem hugsanlega gæti reynst arftaki Daníels á nýju ári.

Ekki voru neinar endurbætur á kirkjunni en nú eru loksins hafnar framkvæmdir við nýtt grindverk og búið að steypa undirstöður norðan og vestan við kirkjugarð. Nýjar grindur verða vonandi komnar upp um næstu páska.

Starfsmenn Munkaþverársóknar: Reynir Björgvinsson formaður Bringu sími 4631220, Benjamín Baldursson gjaldkeri Ytri-Tjörnum sími 4631191, Valgerður Schiöth ritari Rifkelsstöðum 2 sími 4631215, Aníta Jónsdóttir meðhjálpari Klettaborg 14 sími 7727300, Eypór Ingi Jónsson organisti Vanabyggð 14 sími 8663393.

Skýrsla Kaupangssóknar: Hansína María Haraldsdóttir, formaður

Hér koma punktar úr starfi Kaupangssóknar á árinu 2019: Aðeins 3 guðspjónustur voru í Kaupangskirkju á árinu 2019, það skýrist af því að séra Hannes Blandon kvaddi söfnuðinn á jóladag 2018 og nýr prestur séra Jóhanna Gísladóttir var skipuð frá 1. apríl 2019, engin ferming var í Kaupangskirkju á árinu. Nokkrum sinnum var kirkjan lánuð til athafna fyrir fólk utan sóknar, t.d. giftingar og skírnir, eins og venja hefur verið. Lítilsháttar viðhald var unnið á árinu við kirkjuturn og var hann einangraður þar sem borið hafði á hitasveiflum í kirkjunni um veturinn, en hún er með hitaveitu og gólfhita og er jafnan kappkostað að hafa sem jafnastan hita til að vernda orgel og muni kirkjunnar. Einnig var keyptur nýr ljósakross á kirkjuturn þar sem sá gamli hafði ítrekað slegið rafmagni út og var dæmdur ónýtur. Sóknarnefnd hélt 3 fundi á árinu auk aðalsafnaðarfundar, auk þess sem fulltrúar sóknarnefndar sátu fundi með öðrum sóknarnefndum í prestakallinu, þar sem væntanlegar sameiningar sókna/og-eða prestakalla hafa verið ræddar.

Sóknarnefnd Kaupangskirkju er þannig skipuð: Hansína María Haraldsdóttir formaður, Þorbjörg Helga Konráðsdóttir gjaldkeri, Einar Grétar Jóhannsson ritari. Varamenn: Emilía Baldursdóttir, Stefán Guðlaugsson.

Stjórn Kirkjugarða Laugalandsprestakalls

Helstu verkefni og viðburðir 2020-2021

Stjórnina skipuðu: Formaður Ólafur Thorlacíus, gjaldkeri Hjörtur Haraldsson, ritari Emilía Baldursdóttir, varaformaður Leifur Guðmundsson og meðstjórnendur Ingibjörg Jónsdóttir og Lilja Sverrisdóttir. Prófastur Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmis, Jón Ármann Gíslason eða fulltrúi hans situr fundi stjórnar sem og sóknarprestur, séra Jóhanna Gísladóttir.

Aðalfundur var haldinn 26. maí 2020 í Sólgarði þar sem allir aðalmenn voru mættir ásamt sóknarpresti. Venjulega er aðalfundur haldinn í febrúar-mars en vegna kórónuveirufaraldurs seinkaði honum sem þessu nemur. Af sömu ástæðu var ekki haldinn neinn annar formlegur fundur á starfsárinu en notast við rafræn samskipti og símtöl við ákvarðanatökur.

Helstu framkvæmdir á árinu voru þessar: Í Hóla kirkjugarði var u.þ.b. 1/3 garðsins sléttaður og sáð í sárið. Einnig voru snyrt tré í garðinum og sá Arnar Hjaltason um hvorutveggja. Kostnaður var 367.816 kr. Í Saurbæjarkirkjugarði voru settir nýir staurar fyrir ljóskastara, raflagnir endurnýjaðar og settir nýir led ljóskastarar. Þá var vinnuskóli sveitarfélagsins fenginn til að fúaverja grindverk og hlið. Einnig var fjarlægður efnishaugur sem staðið hefur á planinu um nokkurt skeið, kostnaður við það var 148.800 kr. Í Munkaþverá kirkjugarði var nýja grindverkið sett upp að norðan og vestan. Efni og uppsetning kostaði kr. 1.985.750. Í Kaupangskirkjugarði var gert við grindur á suðurhlið garðsins, þær hækkaðar frá jörð og málaðar. Kostnaður við það voru rúmar 200.000 krónur. Á Grund og Möðruvöllum voru engar stærri framkvæmdir. Heimamenn í Miklagarði sáu um slátt á garðinum þar en hirðing hinna garðanna var í umsjá Kirkjugarða Akureyrar. Starfsmenn þaðan sáu líka um snyrtingu trjáa. Þá voru einnig þökulögð leiði og var kostnaður við það rúm 80.000. Ingólfur Jóhannsson og Eiríkur Rafnsson önnuðust grafartökur sem voru 5 en auk þess voru jarðsett 2 duftker í prestakallinu árið 2020.

Í nóvember var sótt um styrki hjá Jöfnunarsjóði og Eyjafjarðarsveit vegna framkvæmda næsta árs.

Ársskýrsla þessi lögð fyrir aðalfund Kirkjugarðastjórnar 27. febrúar 2021 og samþykkt.

2019:

Stjórnina skipuðu: Formaður Ólafur Thorlacius, gjaldkeri Hjörtur Haraldsson, ritari Emilía Baldursdóttir, varaformaður Leifur Guðmundsson og meðstjórnendur Ingibjörg Jónsdóttir og Lilja Sverrisdóttir. Prófastur Eyjafjarðar- og Pingeyjarprófastsdæmis, Jón Ármann Gíslason eða fulltrúi hans situr fundi stjórnar sem og sóknarprestur. Séra Hannes Blandon lét af embætti í upphafi árs og við tók séra Jóhanna Gísladóttir, en hvorugt þeirra hafði tök á að sitja fundi á starfsárinu né heldur prófastur.

Aðalfundur var haldinn laugardaginn 23. febrúar 2019 í Gullbrekku hjá Lilju þar sem allir aðalmenn voru mættir. Síðan hafa verið haldnir 3 fundir, 16. maí í Munkaþverá kirkjugarði þar sem fjallað var um væntanlega girðingu umhverfis garðinn. Á þann fund mættu auk fjögurra stjórnarmanna Guðmundur Rafn umsjónarmaður kirkjugarða, Arnar Hjaltason, skrudgarðyrkjumaður, og Benjamín Baldursson og Reynir Björgvinsson frá sóknarnefnd Munkaþverársóknar. Þann 19. október var fundur í Kapitulínu á Munkaþverá þar sem allir aðalmenn mættu og 17. apríl 2020 var haldinn fjarfundur frá Öxnafellu en þar tóku þátt Ólafur, Hjörtur, Leifur og Lilja. Fjarfundarkosturinn var valinn vegna samkomutakmarkana út af kórónaveiru. Af sömu ástæðu var aðalfundi frestað og hann ekki haldinn fyrr en seint í maí.

Helstu framkvæmdir á árinu voru í Munkaþverá kirkjugarði. Fyrst var fjarlægð rót af stóru og miklu reyniviðartré sem stóð sunnan kirkjunnar en var orðið feyskið og farið að ógna kirkjunni. En aðalframkvæmdin var ný girðing að norðan og vestan. Arnar Hjaltason var ráðinn til að sjá um verkið og var unnið að því sumarið 2019 og lokið við það vorið 2020. Höfð voru jarðvegsskipti, framkvæmdin hönnuð og mæld út og síðan steiptur sökkull undir grindur sem voru fluttar inn frá Bretlandi. Heildarkostnaður við framkvæmdina, með uppsetningu grindanna, er kominn í rúmar 5 milljónir. Þetta mannvirki er fallegt og fer vel við kirkjuna en eftir er að vinna að suðurhlið garðsins og setja þá nýtt sálhlið. Þá var einnig grisjað í garðinum og þökulagt. Í Kaupangsgarðinum var lagfært aksturshlið og legsteinn og á Grund voru þökulögð leiði. Settir voru upp ljósastaurar í Saurbæjarkirkjugarði og borið á grindverk þar. Frá Jöfnunarsjóði fengust á árinu 500.000.- til

Saurbæjarkirkjugarðs vegna fyrri framkvæmda og 1.000.000.- til Munkaþverárgarðs. Frá Eyjafjarðarsveit fengust 500.000 vegna Munkaþverárgarðs og Munkaþverársókn hefur lagt fram kr. 1.000.000.- Hirðing á öllum gördunum var unnin af Kirkjugörðum Akureyrar en Ingólfur Jóhannsson annaðist grafartöku en einungis 2 greftranir fóru fram í prestakallinu árið 2019.

Ársskýrsla þessi lögð fyrir aðalfund Kirkjugarðastjórnar 26. maí 2020 og samþykkt.

Svalbarðskirkja á Svalbarðsströnd 2019: Guðfinna Steingrímisdóttir

2019:

Eitt og annað hefur verið gert á síðasta ári.

Kirkjan. Tekinn var niður krossinn og lagfærður og skipt um perur. Keyptir voru kastarar og settir upp og því lík birta, fólkið í næsta nágrenni gat ekki vaskað upp á kvöldin vegna ofbirtu og gerðum við smá lagfæringar á því. Annað var ekki gert í kirkjunni þetta árið. Kirkjugarður. keyptur var nýr geynskuskúr í kirkjugarðinn en var ekki alveg kláraður vantar þakklæðningu. Vinna við uppsetningu og frágang var í höndum Björns Ingasonar og Helga Ólafssonar.

Nýr starfsmaður tók við umhirðu kirkjugarðsins og kringum kirkjuna. Hann tók einnig að sér að sjá um leiðaúthlutun og grafarartöku. Hann heitir Hilmar Dúi Björgvinsson.

Þá eru það prestarnir. Séra Sólveig Halla hætti og séra Jóhanna Gísladótti í Laugalandsprestakalli leysti af í smá tíma meðan verið var að kjósa nýjan prest. Tveir sóttu um, þeir séra Sindri Geir Óskarsson og séra Gunnar Einar Steingrímsson, kosið var á milli þeirra þann 15.10 2019 í Þorgeirskirkju. Séra Gunnar Einar fékk brauðið, en hann gat ekki tekið strax við starfinu vegna vinnu sinnar í Noregi, svo enn þurfti að ráða í afleysingu og á kom María Gunnarsdóttir nývígð til að þjóna okkur fram í miðjan janúar 2020 og þá tók Séra Gunnar Einar við.

Annars hefur allt helgihald gengið sinn vanagang, barnastarf fermingar, giftingar og skírni. Kirkjunni barst góð gjöf frá Skarphéðni Hjálmarssyni eiginmanni Lindu Steingrímisdóttur Heiðarhöll, en það er ker og skófla undir mold til að nota við moldun í kirkjunni og hafi hann miklar þakkir skildar fyrir.

Í lok barnastarfsins var hátíð í Laufási eins og undarfarið á mæðradeginu, pylsur og svali í boði sóknanna og var vel mætt að vanda. Kjarnafæði gaf pylsurnar og meðlætið með þeim og fá þeir þakkir fyrir. Fleira var ekki á döfinni þetta árið.

Málefni kirkju. Nú geisar Covid og allt starf kirkjunnar hefur fallið niður í venjulegri mynd. Áætlað er að ferma 16. ágúst og verður allra sóttvorna ýtarlega gætt. Hilmar Dúi sér um að slá og hirða um kirkjulóðina.

Málefni kirkjugarðs. Búið er að taka niður sálhliðið og Björn Ingason undirbýr það fyrir viðgerð og sér um hana. Búið er að klára frágang á skúr í kirkjugarði. Hilmar Dúi sér um að slá og hirða kirkjugarðinn.

2020:

Lítið hefur verið um kirkjuhald síðastliðið ár vegna Covid ástands. Þó hefur töluvert verið sent út á vefmiðlum og þegar þetta var tekið saman hefur bara mikið verið um helgihald í sókninni. Séra Gunnar var duglegur að senda okkur hugvekjur á netinu og sameiginlegur sunnudagaskóli safnaða á Eyjafjarðarsvæðinu fór reglulega í loftið.

Gengið var til samninga um TTT starf í sókninni við KFUM og K og fékkst styrkur frá Héraðssjóði til þess 200.000.-. Fundir voru haldnir í skólanum þegar sóttvarnareglur leyfðu og voru ágætlega sóttir.

8. mars var messa kl. 11 í Svalbarðskirkju. 17.maí Kl.11.00 var helgistund undir berum himni í brekkunni fyrir ofan Laufás. 31. maí var svo fjölskylduguðþjónusta á Hvítasunnudegi kl. 11.

16. ágúst 2020 fermdust tvær stúlkur Arneyju Ósk og Sveindísi Marý. Aðeins nánast fjölskylda var viðstödd og Séra Gunnar spilaði á gítar og söng við athöfnina. Notaleg stund. 20. september var sunnudagaskóli í kirkjunni. 31. október var haldin net helgistund í kirkjunni á allraheilagrarmessu við orgelspil Petru og hugleiðslu prestsins og sent út á Svalbo-allskonar.

Ekki var jólamessa né aðventukvöld en söfnuðurinn styrkti upptöku á helgileiknum á móti kvenfélaginu. Davíð Ingi Guðmundsson sá um upptökur og klippingu og skilaði fallegu verki. Jólamessa í Laufásprestakalli var send út frá Laufási á aðfangadag en var tekinn upp um miðjan desember og allra sóttvarna gætt.

Sameiginleg jólamessa var tekin upp á Eyjafjarðarsvæðinu og send út á N4 á jóladag. Þar söng kórinn okkar einn sálm og Séra Gunnar tók þátt í messugjörð ásamt öðrum prestum á svæðinu.

Sóknarnefnd: Guðrún Guðmundsdóttir formaður, Helgi Ólafsson ritari, Guðfinna Steingrímsdóttir gjaldkeri, Anna María Snorraddóttir meðstjórnandi, Björn Ingason meðstjórnandi

Varamenn: Elísabet Fjóra Þórhallsdóttir, Bjarney Bjarnadóttir, Helga Kvam, Þorgils Guðmundsson, Sveinn Heiðar Steingrímsson, Elín Svava tekur að sér að vera varamaðhjálpari.

Önnur mál.

Svalbarðskirkja. Hilmar Dúi tekur að sér að slá og fegra kirkjulóðina. Ákveðið að endurnýja hellur norðan Safnaðarheimilis og við stéttina við inngang í kirkjuna þar sem malarröndin er. Lagfæra kantinn þar sem gras og stétt mætast vestan við kirkju, laga grasflöt suð-austan við kirkjuna og grasröndina austan bílastæðis svo þessi svæði verði vélslátturhæf. Óli í Réttarhóli fenginn til að setja blóm í kerid og Helgi Ólafs verður fenginn til að færa blómakerid á malbikið svo hægt verði að lagfæra þar sem vegur og bílaplan mætast. Ljósastararnir trufla svolítið í umhverfinu og ákveðið að stilla þá betur þegar fer að rökkva í haust.

Svalbarðskirkjugarður

Styrkur fékkst frá Kirkjugarðasjóði kr. 1.800.000.- til að endurnýja girðingu kringum garðinn. Byrjað er á framhliðinni þar sem plantað verður fallegum runnum, sáluhliðið flutt í nýjasta hluta garðsins og hellulagt kringum skúrinn og öll aðkoma löguð og fegruð. Búið er að undirbúa fyrir þetta allt og er umsjónarmaður Hilmar Dúi Björgvinsson klárar þessa vinnu fyrsta áfanga, í vor, hann er einnig er umsjónarmaður kirkjugarðsins og sér um slátt, leiðaúthlutun og grafartöku.

Björn Inga tók að sér að lagfæra sáluhliðið pússa mál og húða járnhliðiðgrindin, Jón Rúnar Þorsteinsson á Hallandi verður fenginn til að smíða festingar við hliðið og verður það sett niður í sumar á nýjum stað þegar það verður tilbúið. Skúrinn er frágenginn en eftir að setja hillur og króka fyrir skipulagið.

Laufás- og Grenivíkursókn: Valgerður Sverrisdóttir, formaður

Sóknarnefnd er óbreytt: Valgerður Sverrisdóttir, formaður, Lómatjörn; Anna Bára Bergvinsdóttir, gjaldkeri, Áshóli; Borghildur Ásta Ísaksdóttir, ritari, Melgötu 8, Grenivík; Hreinn Skúli Erhardsson, Lækjarvöllum 11, Grenivík; Þorsteinn E. Friðriksson, Sælandi 10, Grenivík. Meðhjálpari og kirkjuvörður er Nanna Kr. Jóhannsdóttir, Lundi.

Sóknarnefndarfundir voru alls 7 með aðalsafnaðarfundir. Árið 2019 einkenndist af því að presturinn okkar sr. Bolli Pétur Bollason hætti en fór fyrst í leyfi í 1 ár. Hann kvaddi með messu í Laufási þann 10. nóv. Sóknarnefndir í okkar sókn ásamt Svalbarðssókn sáu um kaffiveitingar að lokinni messu. Sr. Bolla er þökkud góð störf fyrir sóknina. Sr. Sólveig Halla Kristjánsdóttir þjónaði okkur á meðan sr. Bolli var í leyfi. Prestakallið var auglýst laust til umsóknar og sóttu tveir um. Sr. Gunnar Einar Steingrímsson og sr. Sindri Geir Óskarsson. Sr. Gunnar Einar var kjörinn prestur frá 1.nóv.2019 en hóf störf í janúar 2020. Sr. María Gunnarsdóttir þjónaði í nóv. og des. Reynt var að

hafa helgihald með hefðbundnu sniði, þ.e. 12 messur. Gjafir bárust. Altarisdúkur frá afkomendum Ölmu Ísaksdóttur og Ísaks Vilhjálmssonar og skófla og fata til moldunar frá Frímanni Kristjánss.

Framkvæmdir voru þær að Grenivíkurkirkja var klædd nýju timbri að utan. Þó tókst ekki að ljúka við verkið. Turnþak reyndist ónýtt og er sótt um aukið fjármagn til að ljúka endurnýjun á þaki og kirkjuvegg.

Nokkrir eldri borgarar spöruðu mikið fé með því að bera á timbrið. Messað var á Þönglabakka 28.júlí í blíðskapar veðri.

Ákveðið var að taka þátt í Sóknarsambandi Íslands.

Hálssókn: Sigurlína Hrönn Halldórsdóttir, formaður

Sóknarnefnd hélt einn bókaðan fund auk aðalsafnaðarfundar sem haldin var 3. júní á Illugastöðum. Að auki var einn fundur með Maríu Gunnarsdóttur sem kom í prestakallið í afleysingar 15.11. til 15.01. haldin í Þorgeirskirkju með fulltrúum Háls-Lundarbreykku- og Ljósavatnssókna. Messa á nýju ári var í Draflastaðakirkju 6 janúar, kvöldmessa í Hálskirkju 14. apríl, sameinginlegar messur í Þorgeirskirkju 24. janúar og hátíðarmessa 25. desember. Aðventukvöld fyrir allar sóknirnar þrjár það er Ljósavatns-Lundarbreykku og Hálssóknum 14. desember í Þorgeirskirkju. Kveðjumessa séra Bolla var haldin í Þorgeirskirkju 10. nóvember.

Föstudaginn langa var Föstuganga frá Végeirsstöðum niður í Laufás og þar sameinuðust göngur frá þrem stöðum og þáðu súpu í þjónustuhúsinu og að lokum hlustaði fólk á tónlist í Laufáskirkju

Kirkjuskóli var í Hálskirkju og Þorgeirskirkju.

Kyrrðarstundir voru í Illugastaðakirkju á þriðjudagskvöldum frá 18. júní til 30. júlí, þessar stundir eru misvel sóttar allt frá 2 til 15 manns.

Kjörfundir voru vegna vals á nýjum sóknarpresti þann 10.10. á Grenivík og 15.10. í Þorgeirskirkju, þar sem séra Gunnar Einar Steingrímsson var kjörin sóknarprestur.

Kirkjukórarnir í Háls-Lundarbreykku- og Ljósavatnssóknum æfa saman í Þorgeirskirkju undir stjórn Dagnýjar Pétursdóttu.

Um þrif og umhirðu kirkna, Jón og Hlíf á Illugastöðum sáu um þrif á Illugastaðakirkju, í Draflastaðakirkju sáu Svanhildur og Jón í Hjarðarholti um það og í Hálskirkju Sigurlína Hrönn Halldórsdóttir í Nesi.

Skipt var út ofnum í Háls og Draflastaðakirkjum þar sem gamlir rafmagnspilofnar voru fjarlægðir og nýjir olúfylltir ofnar settir í staðin.

Keypt var lítið garðhús sem á að setja upp við Hálskirkju sem geymsluhúsnæði fyrir kirkju og garð.

Þrjár greiftranir fóru fram í Hálskirkjugarði.

Um slátt og grisjum á kirkjugörðum á Hálsi og Draflastöðum sá Kristján I. Jóhannesson. Á Illugastaðakirkjugarði Jón Þ. Óskarsson.

Samstarf við sóknarprest og aðra starfsmenn kirkjunnar er með ágætum.

Í sóknarnefnd voru: Sigurlína Hrönn Halldórsdóttir Nesi formaður, Svanhildur Þorgilsdóttir Hjarðarholti ritari, Hlíf Guðmundsdóttir Illugastöðum gjaldkeri. Svanhildur hætti í sóknarnefnd eftir langt og gott starf og í sóknarnefnd kom Nanna Þórhallsdóttir Brekkutúni.

Til vara eru: Ásvaldur Ævar Þormóðsson Stórutjörnum, Gunnar Hallur Ingólfsson Steinkirkju og Agnes Þórunn Guðbergsdóttir Hróarsstöðum. Meðhjálparar og hringjarar eru á Hálsi Agnes Þórunn Guðbergsdóttir á Hróarsstöðum, á Illugastöðum Jón Þórir Óskarsson og Hlíf Guðmundsdóttir, og á Draflastöðum Svanhildur Þorgilsdóttir og Jón F. Sigurðsson.

Organisti Dagný Pétursdóttir á Öxará.

Ljósavatnssókn: ...

Lundarbrenkusókn: Friðrika Sigurgeirsdóttir, formaður

Í sóknarnefnd eru Friðrika Sigurgeirsdóttir formaður, Elín Baldvinsdóttir ritari og Ríkarður Sölvason gjaldkeri. Einar Ingi Hermannsson hefur verið meðhjálpari en hefur beðist lausnar og hefur Ólafur Ólafson verið ráðinn meðhjálpari. Í ársbyrjun kom hér nýr prestur séra Gunnar Einar Steingrímsson. Dagný Pétursdóttir er organisti. Lotta W Jakobsdóttir hefur séð um þrif á kirkjunni ásamt fleiri konum. Sóknarnefnd hefur séð um daglegt utanumhald og slátt á kirkjugarði ásamt því sem hefur þurft að gera.

Þetta ár var mjög lítið starf en eitt duftker var jarðset. Hestamannamessa var í Kiðagili í júní. 23 september var vísitasíað, vígslubiskup séra Sólveig Lára og séra Gylfi Jónsson komu og hittu sóknarnefnd og varamenn í kirkjunni. Félagar í kirkjukórnum hafa lagt öðrum kirkjukórum lið í nágrenninu og einnig þegið aðstoð frá öðrum kirkjukórunum. Fermdar voru tvær stúlkur 10 október.

Þóroddsstaðarsókn Kornína Óskarsdóttir, ritari

Kirkjustarf í Þóroddsstaðarsókn hefur verið með hefðbundnu sniði eins og undanfarin ár.

Þann 17. september var tvöfaldur aðalfundur fyrir 2017 og 2018. Allt óbreytt í stjórn. Stjórn hefur tekið að sér þrif á kirkjunni og ætla að skipta því á milli sín.

Á árinu var hefðbundið Karítasarkaffi á Þóroddsstað eftir aðventustund, fyrsta sunnudag í aðventu.

Neskirkja: ...

Grenjaðarstaðarsókn: Guðmundur Sigurðsson, formaður

Safnaðarstarfið í Grenjaðarstaðarsók hefur gengið vel með hefðbundnum messum og barnastarfi, eða allt þar til Covid 19 veiran tók af okkur völdin. Frá og með Marsmánuði hefur ekki verið neitt messuhald né annað starf á vegum sóknarinnar til að lágmarka smitleiðir og verður sú staða uppi þar til ástandið batnar. Viðhald hefur ekki verið mikið á eignum þetta árið en þó var settur upp nýr útvarpssendir í kirkjunni til að nota við fjölmennari athafnir en kirkjubyggingin rúmar. Þetta er fastur sendir sem hefur þegar sannað sig.

Þverársókn: Áskell Jónasson, formaður

Safnaðarstarf var með líku sniði og undanfarin ár. Messað var tvisvar á árinu, í ágúst og á jólum. Engar framkvæmdir voru við kirkju eða kirkjugarð.

Einarsstaðarsókn: Þóra Fríður Björnsdóttir, formaður

2020

Sóknarnefnd var þannig skipuð í upphafi árs: Þóra Fríður Björnsdóttir formaður, Friðgeir Sigtryggsson ritari Kristján Guðmundsson gjaldkeri. Varamenn Hjördís Stefánsdóttir, Guðfinna Sverrisdóttir og Elín Hólmfríður Gunnlaugsdóttir.

Á aðalsafnaðarfundinum lét Friðgeir Sigtryggsson af störfum og vil ég nota tækifærið og þakka honum fyrir mjög gott samstarf. Elín Hólmfríður Gunnlaugsdóttir var kosin ritari í hans stað til þriggja ára. Þá var Arngeir Friðriksson kosinn varamaður í stað Elínar einnig til þriggja ára.

Meðhjálpari er Þóra Fríður Björnsdóttir, kirkjuvörður Elísabet Sigríður Ólafsdóttir, hringjari Haraldur Bóasson, organisti til september Jaan Alavere, en þá varð hann bráðkvaddur. Blessuð sé minning hans.

Kirkjugarðsvörður í Einarstaðakirkjugarði Olga Marta Einarisdóttir en Arneir Friðriksson í Helgastaðakirkjugarði.

Sóknarnefnd hélt 6 formlega fundi á árinu auk aðalsafnaðarfundar. Vegna Covid 19 féll kirkjustarf að mestu niður á árinu en þó var ein fjölskyldumessa, ein ferming, ein skírn og ein útför. Einn sunnudagaskóli var sameiginlegur fyrir Einarstaða og Grenjaðarstaðasókn. Umsjón höfðu sr. Þorgrímur Daníelsson og Tora Bergeng. Á allra sálna og allra heilagra messu afhenti sóknarprestur þeim sem komu í kirkjuna útikerti til að setja á leiði ástvína.

Steyptur kirkjugarðsveggur við vesturhlið garðsins var málaður í haust. Það var Sigurður Illugason málameistari sem hafði umsjón með verkinu.

Sr. Solveig Lára Guðmundsdóttir vígslubiskup á Hólum vísiteraði kirkjuna í september. Formaður sóknarnefndar sat í nefnd ásamt formönnum sóknarnefndar á Húsavík og í Reykjavíðarsókn sem sáu um að auglýsa eftir og ráða nýjan organista í fullt starf í þremur prestaköllum. Samþykkt var að ráða Attila Szebic 48 ára frá Ungverjalandi til starfa.

Kveikt er á leiðalýsingu í byrjun aðventu, umsjón hefur Jón Ingi Björnsson sem hefur einnig umsjón með útvarpssendi. Sóknarnefnd samþykkti á árinu að hefja greiðslutöku vegna ljósakrossa. 3000 kr fyrir hvern kross. Formaður hafði samband við alla aðstandendur sem áttu krossa í garðinum og allir tóku þessu vel og voru afskaplega þakklátir með þessa góðu þjónustu.

Ég vil að lokum þakka sóknarnefndarfólki, sóknarpresti og öllum öðrum starfsmönnum kirkjunnar gott samstarf á liðnu ári og fyrir allt þeirra starf fyrir kirkjuna. Þóra Fríður Björnsdóttir.

2019:

Sóknarnefnd er þannig skipuð: Þóra Fríður Björnsdóttir formaður, Friðgeir Sigtryggsson ritari Kristján Guðmundsson gjaldkeri. Varamenn Hjördís Stefánsdóttir, Guðfinna Sverrisdóttir og Elín Hólmfríður Gunnlaugsdóttir. Meðhjálpari Þóra Fríður Björnsdóttir, kirkjuvörður Elísabet Sigríður Ólafsdóttir, organisti Jaan Alavere. Hringjari Haraldur Bóasson.

Kirkjugarðsvörður í Einarstaðakirkjugarði Olga Marta Einarisdóttir en Arneir Friðriksson í Helgastaðakirkjugarði.

Kristján Þorvaldsson hjá Garðverk á Akureyri grisjaði og sagaði ónýtt tré í Einarstaðakirkjugarði í maí.

Nýr útvarpssendir var tekinn í notkun á árinu.

Sóknarnefnd hélt 6 formlega fundi á árinu auk aðalsafnaðarfundar. Guðsþjónustur voru 5, en 1 útför var á árinu. Sunnudagaskólar voru sameiginlegir í Einarstaða og Grenjaðarstaðasókn og voru til skiptis í kirkjunum. Umsjón höfðu sr. Þorgrímur Daníelsson og Tora Bergeng.

Samstarf var á milli sóknarnefndar, Kvenfélags Reykdæla og foreldrafélags Krílabæjar um aðventustund sem haldin var 1. desember. Sameinaðir kórar Einarstaða- Reykjavíðar- og Skútustaðasókna sungu undir stjórn Jaan Alavere, nemendur tónlistardeildar Þingeyjarskóla léku á hljóðfæri og sungu undir stjórn Péturs Ingólfssonar. Hugvekju flutti sr. Örnólfur J. Ólafsson sem stjórnaði athöfninni. Á eftir var kveikt á jólatré við Kjarna, öllum síðan boðið í kakó og smákökur í Félagsheimilinu á Breiðamýri en þar var einnig kökubasar Kvenfélagsins.

Kveikt er á leiðalýsingu í byrjun aðventu, umsjón hefur Jón Ingi Björnsson sem hefur einnig umsjón með útvarpssendi.

Ég vil að lokum þakka sóknarnefndarfólki, sóknarpresti og öllum öðrum starfsmönnum kirkjunnar gott samstarf á liðnu ári og fyrir allt þeirra starf fyrir kirkjuna.

Skútustaðasókn 2020: Sigurður Guðni Böðvarsson, formaður

Vegna Covid-19 náðist einungis ein guðsþjónusta á árinu og var hún 1. janúar. Um jólaleitið var tekið upp efni í kirkjunni fyrir jóladagatal prófastsdæmisins og það sett á Facebooksíðu Skútustaðaprestakalls. Einnig var sett sameiginleg jólaguðsþjónusta prófastsdæmisins á Facebooksíðu Skútustaðaprestakalls.

Jarðarfarir: Arngrímur Geirsson frá Álftagerði, jarðsettur 17. júlí 2020.

Hirðing kirkjugarðs var með svipuðu sniði og vant er. Þó komu umsjónarmanni til aðstoðar Júlíus Gunnar Björnsson. Eru honum þakkir færðar fyrir vel unnin störf eins og undanfarin ár.

Á haustdögum bárust þær sorglegu fréttir að látist hefði Jan Alavere langt fyrir aldur fram. Jan hafði verið Skútustaðakirkju afar hjálplegur í hvert sinn sem leitað var til hans sem organista, bæði til íhlaupavinnu eða fastrar vinnu til lengri tíma. Hefur þar verið höggvið stórt skarð á sviði tónlistarmenningar.

Í árslok náðust samningar við Attila Szebig um að sinna sameiginlegum organistastörfum með Húsavíkur-, Einarstaða- og Grenjaðastaðaprestakalli og hóf hann störf í upphafi 2021. Bjóðum við hann velkominn til starfa.

Prif á kirkjunni annaðist Ólöf Kristín Bin Örnólfsdóttir.

Starfsmenn kirkjunnar: Sóknarprestur: Örnólfur Jóhann Örnólfsson. Meðhjálpari: Ásta Þórey Lárusdóttir. Hringjari: Birgir Steingrímsson. Skoðunarmenn reikninga: Ingigerður Arnljótsdóttir og Margét Valsdóttir. Sóknarnefnd: Sigurður Böðvarsson formaður, Ingólfur Jónasson gjaldkeri, Bergþóra Hrafnhildardóttir ritari. Ingigerður Arnljótsdóttir og Bergþóra Eysteinsdóttir varamenn. Umsjónarmaður kirkjugarðs: Sigurður Böðvarsson.

2019

Guðsþjónustur voru 4 á árinu, auk þess upplestur passíusálma á föstudaginn langa. Þá var haldin sameiginleg aðventustund með Reykjahlíðarsókn í byrjun desember í Reykjahlíðarkirkju.

Helgistundir voru 2 í Skjólbrekku 17. júní og 26. október (slægjufundur).

Skírn: Friðrik Þór Kristjánsson Baldursheimi 28. september. **Fermingar** 27. apríl og 9. júní: Elín Rós Sigurðardóttir Vagnbrekku, Katla Böðvarsdóttir Baldursheimi, Margrét Ósk Friðriksdóttir Álftagerði, Bárður Jón Gunnarsson Baldursheimi. **Brúðkaup:** Arnfríður Gígja Arngrímsdóttir frá Álftagerði og Hallgrímur Hallgrímsson 27. desember **Jarðarfarir:** Freyja Kristín Leifsdóttir Grænavatni 22. Júní, Ásmundur Geirsson frá Álftagerði 13. júlí.

Hirðing kirkjugarðs var með svipuðu sniði og vant er. Þó komu umsjónarmanni til aðstoðar þeir Júlíus Gunnar Björnsson og Halldór Þorlákur Sigurðsson. Eru þeim þakkir færðar fyrir vel unnin störf eins og undanfarin ár.

Ilona Laido organisti og kórstjóri hætti á haustdögum og við tók Jan Alavere. Ilonu er hér með þakkað vel unnið starf.

Prif á kirkjunni annaðist Ólöf Kristín Bin Örnólfsdóttir.

Starfsmenn kirkjunnar: Sóknarprestur: Örnólfur Jóhann Örnólfsson. Meðhjálpari: Ásta Þórey Lárusdóttir. Hringjari: Birgir Steingrímsson. Skoðunarmenn reikninga: Ingigerður Arnljótsdóttir og Margét Valsdóttir. Sóknarnefnd: Sigurður Böðvarsson formaður, Ingólfur Jónasson gjaldkeri, Auður Jónsdóttir ritari. Ingigerður Arnljótsdóttir og Bergþóra Eysteinsdóttir varamenn. Umsjónarmaður kirkjugarðs: Sigurður Böðvarsson.

Reykjahlíðarsókn: Pétur Snæbjörnsson, formaður

2020

Safnaðarstarf í Reykjahlíðarsókn féll að mestu niður með ákvörðun yfirvalda um samkomutakmarkanir vegna útbreiðslu COVID19 frá og með marsmánuði. Varðandi kirkjulegar athafnir vísast í skýrslu sóknarprests.

Að vanda var samt eitthvað um tónleika og brúðkaup í kirkjunni, en skrautfjöður okkar, tónlistarhátíðina Músík í Mývatnssveit sem haldin er í Dimbilvíku ár hvert féll niður en Laufey Sigurðardóttir er listrænn stjórnandi hennar.

Á haustmánuðum hófst vinna við að ráða sameiginlega organista með Húsavíkur, Einarstaða- og Grenjaðastaðaprestakalli. Náðust samningar þar um og var Attila Szebig ráðinn í lok árs og hóf störf í upphafi 2021. Lítum við björtum augum til þess samstarfs.

Á verkefnaskrá ársins var að gera við kirkjuna að utan og mála hana sem og tréhluta í girðingu kirkjugarðsins. Ýmsar ástæður svo sem annir vektaka saman með rysjóttu tíðarfari urðu til þess að ekki tókst að koma áætlunum ársins í framkvæmd. Bíða þær því þessa árs og erum við vongóð um að af verkinu verði að þessu sinni.

Garðvík ehf hefur séð um daglegt viðhald og gróðurumsjón í kirkjugarðinum og kunnum við þeim bestu þakkir fyrir veitta þjónustu. Það bar hæst á þessu ári lagning gangstéttar langsum eftir kirkjugarðinum og bætti það mjög aðgengi fyrir alla um reitinn.

Í sóknarnefnd sitja: Pétur Snæbjörnsson formaður, Þuríður Helgadóttir ritari, Hrafnhildur Geirsdóttir gjaldkeri. Varamenn: Gunnhildur Stefánsdóttir, Þórdís Jónsdóttir Umsjónarmaður kirkjugarðs er Davíð Örvar Hansson saman með formanni sóknarnefndar. Og annast sóknarnefndin sjálf daglega umsjón kirkjunnar.

Víðirhólssókn Sigríður Hallgrímsdóttir, formaður

Ekkert helgiöld á árinu 2021. Kirkjan í bærilugu ástandi, en þarfnast brátt viðhalds að innan.

Húsavíkurkirkja: Helga Kristinsdóttir, formaður

Formlegir fundir sóknarnefndar voru 5 á árinu 2019 auk ótal rafrænna samskipta. Sóknarnefnd skipa: Helga Kristinsdóttir formaður, Þórsteinunn Rut Sigurðardóttir, gjaldkeri sem kom inn fyrir Hermann Larsen. Huld Hafliðadóttir, ritari, Frímann Sveinsson varaformaður og meðstjórnendur, Gunnhildur Gunnsteinsdóttir, Atli Vigfússon og Guðmundur Karl Jóhannesson. Á haustdögum urðu prestaskipti í sókninni. Sr. Sighvatur Karlsson sem þjónað hefur Húsavíkursókn í rúmlega 30 ár fékk afleysingastöðu prófests í Reykjavíkuprófastdæmi austur. Séra Sólveig Halla Kristjánsdóttir settur sóknarprestur í Húsavíkurprestakalli frá september 2019 til og með maí 2020. Þekkt er, að mannabreytingar leiða oft til nýrra sýna á störf og ekki höfum við í þessari sókn farið varhluta af breytingum í messuhaldi. Það er svo gott að segja frá því að kirkjusókn hefur aukist og alls konar messuform hefur verið boðið upp á og ekki hef ég heyrt annað í munnmælum en mikla ánægju þeirra sem mætt hafa og fleiri ætla að mæta, en... Kirkjugestum boðið í súpu og brauð eftir Allra heilagra messu í nóvember. Öflugur kirkjukór að venju undir stjórn Ilonu Lado.

Settur sóknarprestur Sr. Sólveig Halla Kristjánsdóttir, heldur styrkum höndum utan um barnastarf kirkjunnar. Góð þáttaka í sunnudagaskóla sem og í NTT starfi. (börn í 4. til 7. bekk grunnskóla, 9-12 ára). Í október fór Sóknarprestur með börn í NTT starfi ásamt vaskri sveit leiðtoga og foreldra að Hólavatni í dagsferð og mætti þar jafnöldrum úr öðrum sóknum í prófastsumdæminu. Myndir og texti úr ferðinni á www.husavikrukirkja.is tala sínu máli.

Ekki varð frekari breyting á starfsfólki sóknarinnar á árinu 2019. Margrét Þórhallsdóttir, sem hefur haft umsjón með með útförum, sagði starfi sínu lausu. Féllst á að vera okkur innanhandar áfram, þar sem ljóst var að breytingar yrðu á þjónustu prests í sókninni. Sóknarprestur er nú með

útfærslu útfara í sínum höndum. Guðbergur Ægisson er eftir sem áður meðhjálpari, kirkju- og kirkjugarðsvörður. Vélavinna í kirkjugarðinum í höndum Höfðavéla.

Áframhald var á samningi við starfsfólk Pennans á Húsavík um opnun kirkju fyrir ferðamenn sumarið 2019. Kirkjuvörður fylgir sumaropnun kirkju eftir.

Fjármál kirkjunnar eru í jafnvægi, held ég megi segja. Miklar framkvæmdir hafa staðið yfir við kirkjuna sem krefjast mikils fjármagns. Framkvæmt hefur verið fyrir uppsafnaða styrki sem sóttir hafa verið til Minjastofnunar og í Jöfnunarsjóð Sókna undanfarin ár. Ílla hefur gengið að mála og viðhalda timburfjöllum (fúi hér og þar) kirkjunnar vegna rigningartíðar undanfarin þrjú sumur. Enn þurfti að hætta á haustdögum og ákv. að klára turn kirkjunnar sumarið 2020. Endurbæta þarf niðurfallsrennur kirkjunnar að fullu, mun það verða gert að vori 2020. Þá má sjá að í stefni þurrð sjóða kirkjunnar og Bjarnahús er illa á sig komið í vilhaldsleysi. Ljóst má vera að hefðja þarf að nýju stórsókn til styrkja svo halda megi áfram að viðhalda húsnæði kirkjunnar svo og að koma aðgangi fatlaðra í viðunandi horf. Það dynja á okkur athugasemdirnar úr öllum áttum vegna afar lélegs aðgangs bæði að Kirkju og Bjarnahúsi. Þó erum við komin af stað með ramp að inngöngu í Bjarnahús, en það þarf töluvert til að breyta inngöngudyrum svo allt falli nú innan reglugerða aðgengis fatlaðra.

Enn stendur út af skuld á milli kirkju og kirkjugarða. Er ávallt vongóð um að úr fari að rætast. Á árinu keypti sóknin og Kirkjugarðarnir nýjan vinnubíl, pallbíl sem gagnast mun betur en sá sem fyrir var. Hafði sá gamli dugað ótrúlega vel í mörg ár. Óskin að lokum: Allir þættir í starfsemi garðanna verði í góðum gir og nú loksins getum við farið að greiða skuld okkar við kirkju.

Bjarnahús og endurbætur þess. Enn er ófrágengið handrið og ljósamál við steipta hjólastólarampinn, en farið að sjá í lokafræmkmæmdina á vordögum 2020. Sbr. hér ofar, þá er viðhaldi Bjarnahúss í lamasessi. Við vitum að það þarf að fara í glugga og mála húsið, en bíðum enn og sjáum hvort að einhverskonar viðbyggingu getur orðið sem gefur okkur betri nýtingu hússins en nú er.

Orgelsjóður stækkar lítið meira en vextir af innistæðu gefa. Minningarkort eru seld hjá Pennanum en Blómabrekkunni hefur verið lokað.

Ekki var úthlutað úr Friðrikssjóði á árinu 2019

Bjarnahús, safnaðarheimili sóknarinnar nýttist barnastarfi kirkjunnar, fermingarfræðslu, aðstöðu fyrir sóknarprest sem og aðstöðu fyrir kórstjórnanda kirkjukórs. Að auki hafa aðsetur í húsinu, hjálparsamtökin „Þú skiptir máli“ í kjallara hússins, áður kennslustofa fermingarfræðslu. Áfram hefur Kvenfélag Húsavíkur og Soroptimistar aðstöðu í húsinu, sem og starfssemi mömmumorgna, þar sem mæður mæta vikulega með börnin sín til skrafs og ráðagerða. Í kirkjubæ hafa AA samtökin aðstöðu í húsinu gegn þrifum á aðstöðunni. Í Kirkjubæ er einnig aðstaða fyrir móttöku aðstandenda látinna ástvina og er hún til fyrirmyndar. Bílskúr sem hýsir líkbíl sem og vinnuaðstaða kirkjugarðsvarðar. Yfirumsjón allra fasteigna Húsavíkurkirkju og garða hefur Guðbergur Ægisson.

Garðssókn: Ragnhildur Jónsdóttir, ritari

Hefðbundið safnaðarstarf hefur verið í Garðskirkju frá því síðasti héraðsfundur var haldinn.

Sameinaðir kórar Garðs og Skinnastaðarkirkna hafa sungið við athafnir í báðum kirkjunum sem hafa reyndar verið í færra lagi af ýmsum ástæðum. Organisti er Stefanía Sigurgeirsdóttir á Raufarhöfn. Félagar úr Garðs- Skinnastaðar- Snartastaðar og Raufarhafnarkórum komu saman á nokkrum æfingum og æfðu í Lundi undir stjórn Stefaníu, fyrir útvarpsmessu í maí 2019. Þetta var afar óheppilegur tími til æfinga fyrir fólkið hér á svæðinu þar sem sauðburður var í fullum gangi en fólkið var sammála um að taka höndum saman og vinna að þessu verkefni þrátt fyrir annir en þ.a.l. gátu ekki allir kórfélagar tekið þátt. Upptakan fór síðan fram í Húsavíkurkirkju þann 25.maí 2019 og

tókst mjög vel. Því miður gat Stefanía ekki verið með okkur við upptökuna og fengum við Valmar Valjaods í hennar stað. Guðsþjónustunni var útvarpað þann 14. júlí 2019.

Kórinn æfði fyrir aðventuhátíð sem vera átti í Garðskirkju í desember sem því miður þurfti síðan að fella niður vegna veðurs og rafmagnsleysis. Jónas Þór Viðarsson í Árdal og Arnþór Þórsteinsson frá Vallakoti voru með jólatónleika í kirkjunni þann 19. desember við góðar undirtektir. Sungu þeir blandaða jólatónlist við gítarundirleik Jónasar. Ánægjuleg samverustund í aðdraganda jóla.

Í guðsþjónustu í kirkjunni á Nýársdag flutti María Pálsdóttir í Kílakoti minningabrot frá bernskuárum sínum í gamla bænum í Hofi í Hjaltadal. Skemmtileg frásögn og umhugsunarverð.

Um hirðingu kirkjugarða hafa séð hjónin Sigurfljóð Sveinbjörnsdóttir og Hlynur Bragason Heiðarbrún og börn þeirra.

Kirkjuvörður: Sigurfljóð Sveinbjörnsdóttir. Meðhjálpari: Ragnhildur Jónnsdóttir. Öllum þeim sem komið hafa að starfi í kirkjunni með einum eða öðrum hætti eru færðar bestu þakkir fyrir sín óeigingjörnu störf.

Skinnastaðarsókn: Gunnar Björnsson, formaður

Safnaðarstarf Skinnastaðarsóknar gekk ágætlega árið 2019 með hefðbundnu kirkjustarfi, messum, barnastarfi og fleiru. Sameiginlegur kór starfar fyrir Skinnastaðarkirkju og Garðskirkju í Kelduhverfi.

Okkar árlega morgunverðarhlaðborð í Lundi á vegum sóknarnefndar að lokinni hátíðarmessu að morgni páskadags 2019 var á sínum stað vinsælt og gott að vanda. Engin hefðbundin páskamessa var þetta árið vegna kórónuveirufaraldursins, en tekin upp helgistund sem streymt var á facebook. Þá hefur barnastarf farið fram á leikskólanum í Lundi. Aðventukvöld er að jafnaði í samstarfi með Garðssókn, en féll niður 2019 vegna hörmungar veðuráhlaups og ófærða. Ein hjónavígsla fór fram á Skinnastað árinu og ein skírn. Eitt barn var fermt í kirkjunni árinu, Erla Bernharðsdóttir, Ærlækjarseli. Eitt barna var skírt á árinu, Ingimundur Colin, sonur Árna Björns Jónssonar frá Núpi og konu hans, Jenny Please. Ein útför fór fram í kirkjunni, en þar var kvaddur Þorbergur Einarsson frá Gilsbakka. Hátíðarmessa var svo á jóladag í Skinnastaðarkirkju, en á nýársdag í Garðskirkju. Organisti er Stefanía Sigurgeirsdóttir. Meðhjálpari er Karl Sigurður Björnsson og kirkjuvörður er Guðný María Sigurðardóttir. Baldur Stefánsson sá um hirðingu kirkjugarðs. Stefnt er að því að klára framkvæmdir við kirkjugarðsvegginn á þessu ári, 2020. Helgi Sigurðsson hefur yfirumsjón með því verki, en verktakar af heimaslóðum munu annast framkvæmdina. Fleira ekki til tíðinda. Í sóknarnefnd eru: Gunnar Björnsson formaður. Ann-Charlotte Fernholm, gjaldkeri. Olga Gísladóttir ritari.

Snartastaðarsókn:

Mjög lítið helgihald var árið 2020.

Árið 2019 var helgihald með nokkuð hefðbundnum hætti eins og hægt var, þar sem enginn fastur organisti var starfandi við kirkjuna. Stefanía Sigurgeirsdóttir, organisti á Raufarhöfn tók að sér að spila við messur og athafnir á árinu. Göngumessa var í tengslum við Sólstöðuhátíð á Kópaskeri og einnig var ein Taise-messa. Stefanía spilaði í jólamessu á aðfangadagskvöld.

Kirkjuskóli hefur verið í umsjón séra Jóns Ármanns og séra Hildar Sigurðardóttur og hafa þau einnig reglulega, sinnt samveru með eldri borgurum í Stórumörk.

Aðalsafnaðarfundur Snartarstaðarsóknar var haldinn í byrjun júní, þar sem rædd voru málefni kirkju og kirkjugarðs. Engar breytingar urðu á sóknarnefnd.

Ekki voru miklar framkvæmdir við kirkju sl. sumar, þó var ljósleiðari tengdur inn í kirkjuna sem kemur sér vel við hinar ýmsu athafnir. Þá var skipt um losfræstitúður. Jón Kristján Ólason og Ómar Gunnarsson gerðu við steypuskemmdir sem aðallega voru kringum inngang og máluðu

kirkjuna alla að utan árið 2019 auk lítilsháttar frágangs inni í kirkjunni. Úthlutun sem fékkst úr jöfnunarsjóði kirkna var notuð til að standa straum af kostnaði. Einnig var gert við girðingu framan við kirkjuna og að hluta kringum kirkjugarð og þessir hlutar málaðir. Auður og Ingunn Kristjánsdætur sáu um slátt og hirðingu kringum kirkju og í kirkjugarði. Áætlað er að mála kirkjuna að innan á þessu ári, ef aðstæður leyfa.

Einn drengur var fermdur í kirkjunni á árinu 2020, það var Ingvar Örn Tryggvason og fór sú athöfn fram þann 8. ágúst. Tvær útfarir fóru fram í kirkjunni á árinu 2020, Ósk Ásgeirsdóttir var jarðsuningin þann 15. febrúar og Jón Alexander H. Artúrssón var jarðsuninginn 4. júní. Guð blessi minningu þeirra. Ein hjónavígsla fór fram í kirkjunni er Matthildur Dögg Jónsdóttir og Elvar Már Stefánsson voru gefin saman þann 25. Júlí. Eitt barn var skírt í kirkjunni og tvö í heimahúsum.

Starfsmenn Snartarstaðakirkju: Sóknarprestur: Jón Ármann Gíslason. Organisti og kórstjóri: Louise Price. Meðhjálpari og hringjari: Sigríður Kjartansdóttir. Bókhaldari: Gunnþóra Jónsdóttir. Endurskoðandi: Eyrún Egilsdóttir. Aðstoð við kirkjuskóla: Hildur Sigurðardóttir. Sóknarnefnd: Matthildur Dögg Jónsdóttir formaður, Ómar Gunnarsson gjaldkeri og Sigríður Kjartansdóttir ritari.

Raufarhafnarkirkja: Sigrún Björnsdóttir, formaður

Starfið í Raufarhafnarkirkju hefur að mestu verið hefðbundið frá síðasta héraðsfundi, það er á árinu 2019, og fram á árið 2020 þegar COVID skall á. Þá fór allt í stopp hjá okkur eins og öðrum. Messað var nokkuð reglulega í kirkjunni fram til mars 2020, organisti okkar er Stefanía Sigurgeirsdóttir. Barnastarfið er nánast alltaf mjög vel sótt, en það fer fram hálfsmánaðarlega. Það hefur haldist nokkuð reglulega þrátt fyrir covid. Kyrrðarstundir eru haldnar reglulega yfir veturinn. Haustið 2019 var haldin léttmessa í tengslum við menningardaga á Raufarhöfn. Tókst hún vel og var fjölsótt. Aðventustundin var haldin um miðjan desember 2019 og tókst vel. Mikið og langvinnt óveður kom í veg fyrir að hægt væri að æfa af kostgæfni fyrir það. Nokkrar útfarir hafa farið fram í kirkjunni og einstaka skírnir og ein hjónavígsla, Brýnt er að fara að sinna viðhaldi á kirkjunni utanhúss þar eð steypuskemmdir eru orðnar áberandi. Nokkuð hefur verið unnið að lagfæringum við safnaðarheimilið að utan. Í sumar stendur til að byrja að vinna að utanhússframkvæmdum á kirkjunni. Þá heimsótti sr. Sólveig Lára vígslubiskup okkur í haust.

Starfsmenn Raufarhafnarkirkju: Sóknarprestur: Sr. Jón Ármann Gíslason. Organisti og kórstjóri: Stefanía Sigurgeirsdóttir. Meðhjálpari og hringjari: Steingrímur Þorsteinsson. Kirkjuvörður: Sigrún Björnsdóttir. Bókhaldari: Jóhannes Árnason. Endurskoðandi reikninga: Jónas Friðrik Guðnason. Starfsmaður við barnastarf: sr. Hildur Sigurðardóttir. Sóknarnefnd: Sigrún Björnsdóttir formaður, Þóra Soffía Gylfadóttir, gjaldkeri, Kristín Þormar ritari og Steingrímur Þorsteinsson meðstjórnandi.

Svalbarðssókn í Þistilfirði: Stefán Eggertsson, formaður

Á aðalsafnaðarfundinum Svalbarðssóknar 25. apríl 2019 var kosið í stjórn og varastjórn. Eftirtaldir hlutu kosningu: Stefán Eggertsson, formaður, Hjördís Matthilde, gjaldkeri, Jóhannes Jónasson, ritari. Varastjórn: Bjarnveig Skaftfelld, Gunnar Þorleifsson og Júlíus Sigurbjartsson. Fulltrúar á Héraðsfund: Stefán Eggertsson og Hjördís Matthilde. Um safnaðarstarfið: 20. Apríl var fermingarmessa í Svalbarðskirkju og á jóladag vel sótt guðspjónusta. Kirkjan sem er rúmlega 170 ára gömul fékk á árinu nauðsynlegar aðgerðir, bæði gólf og gluggar. Kostnaður upp á 4 milljónir króna. Upp í það fengum við eina og hálfa milljónúr húsafriðunnarsjóði. Þetta er skýrsla ársins 2019.

Þórshafnarkirkja: Líney Sigurðardóttir, fv ritari

Séra Hildur Sigurðardóttir hélt áfram að þjóna Þórshafnarsókn með miklum ágætum allt fram á haust þegar nýr prestur tók við Langanesprestakalli.

Biskupsstofa auglýsti stöðu sóknarprests í Langnesprestakalli árið 2019 og voru tveir umsækjendur um stöðuna. Annar dró umsókn sína til baka og í framhaldi af því var hinn umsækjandinn, Jarprúður Árnadóttir skipuð sóknarprestur í prestakallinu. Er hún búsett á Þórshöfn en Kirkjumálasjóður keypti einbýlishúsið Sunnuveg 4 og er því nú aftur föst búseta prests á Þórshöfn sem er mikið framfaraskref. Sr. Jarprúður tók við starfinu haustið 2019, kynnti sér starfið og söfnuðinn en eftir fyrstu vikuna í mars lagðist helgihald og safnaðarstarf niður vegna Covid-19. Haldnir voru tónleikar í Þórshafnarkirkju líkt og áður og lýsa aðkomnir kórar ánægju með góðan hljómburð í kirkjunni eins og áður.

Aftur skaut upp gömlu vandamáli í kóra- og safnaðarstarfi sumarið 2019 þegar organistinn Lois Price flutti burt en hún var jafnframt tónlistarkennari við grunnskólann. Næsti tónlistarkennari sem grunnskólinn réði til starfa var eingöngu menntaður á strengjahljóðfæri með gítar sem sérgrein og gekk þar af leiðandi ekki beint inn í hefðbundið kórastarf. Sóknarnefnd ræddi þó við hann og samkomulag varð um að hann kæmi til reynslu í kirkjuna með kórnum og léki þar undir á gítar. Það hefur gengið nokkuð vel, þó aldrei komi það alveg í sama stað og ef um lærðan organista á hljómborð væri að ræða. Það er ljóst að kirkjan mun aldrei hafa bolmagn til þess að ráða til sín organista nema í samstarfi við tónlistarskóla grunnskólans, þar sem aðeins er um ca 20% starf að ræða í kirkjunni.